A Nr. XXXIV Lagt fram í Sakadómi
Reykjavíkur 21/3 1977
G.Br.

# IX

## SÆVAR MARINÓ CIESIELSKI
## ÁSGEIR EBENEZER ÞÓRÐARSON
## GUÐJÓN SKARPHÉÐINSSON

Málsskjöl vegna kæru
um brot á lögum um
ávana- og fíkniefni

A Nr. XXXIV Lagt fram í Sakadómi

Reykjavíkur 21/3 1977

G.Br.

# SÆVAR MARINÓ CIESIELSKI
# ÁSGEIR EBENEZER ÞÓRÐARSON
# GUÐJÓN SKARPHÉÐINSSON

**Málsskjöl vegna kæru um brot á lögum um ávana- og fíkniefni**

A Nr. XXXIV Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 21/3 77

SAKADÓMUR Í ÁVANA- OG FÍKNIEFNAMÁLUM

ENDURRIT

ÚR

SAKADÓMSBÓK.

---ooOoo---

Ár 1975, laugardaginn 13. des. var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Rvík. af Arnari Guðmundssyni við undirritaða votta.

Fyrir var tekið:
Að rannsaka meint
fíkniefnamisferli
Guðjóns Skarphéðinssonar
o.fl. aðila.

Dómari leggur fram og þingmerkir svo:

Nr. 1: Skýrsla Tollgæslu, dags. 12/12 1975.

Nr. 2: Skýrsla lögr. í Rvík., dags. 12/12 1975, kl. 17.45, nr. A-11378/75.

Nr. 3: Blaðörk af stærðinni A-4. Heimild Guðjóns Skarphéðinssonar um húsleit að Grettisgötu 31 a.

Nr. 4: Lögr. skýrsla, dags. 12/12 1975, kl. 21.oo.

Skjölin fylgja í frumriti.

Kl. 13.oo mætir í réttinum í framhaldi af dvöl í fangageymslu lögreglu, Guðjón Skarphéðinsson, atvinnulaus, fæddur 19. júní 1943 að Varðarnúpi í Vatnsdal, Austur-Hún., til heimilis að Grettisgötu 31a, Rvík. Mætti veit tilefni fyrirkalls.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga 74/1974 en mætti jafnframt áminntur um sannsögli.

Aðspurður kannast mætti við undirskrift sína á dskj. 4 og skjalið sem sig varðandi.

Réttilega kveðst mætti hafa lýst málavöxtum, nánar að hafa farið utan með Smyrli í ágúst sl., þá með konu sína og barn og hafi þau haft bifreið mætta Citroen, árg. 67 með skrásetn.nr. R-45248 meðferðis. Mætti segir hér hafa verið um skemmtiferð að ræða fyrst og fremst. Segist hann hafa ætlað að ferðast um Evrópu með konu og barn í ca. mánuð, en þá hafi þær mæðgur ætlað heim, en mætti jafnvel að leita að vinnu úti í vetur.

Einn samferðamann í Smyrli segir mætti hafa verið Sævar M. Ciesielski sem mætti kannaðist við. Mætti kvaðst ekki hafa vitað fyrr en á Seyðisfirði að Sævar var að fara þessa ferð en reyndar hafa sagt honum fyrirætlun sína skömmu áður í Rvík.

Mætti segir þau hjón bæði hafa sótt um og fengið ferðamannagjaldeyri í Landsbanka Íslands, mætti í Vegamótaútibúi kr. 38.ooo.- en kona mætta í aðalbanka sem svaraði kr. 58.ooo.-. Auk þess kveðst mætti hafa haft 2.5oo.- franska franka.

Sérstaklega aðspurður kveðst mætti ekki hafa vitað annan tilgang ferðar Sævars en hann hafi ætlað til Kaupmannahafnar. Sævar hafi orðið sér og fjölskyldu samferða til

Oslo og Gautaborgar en þaðan haldið til Kaupmannahafnar.

Aðspurður um farangur Sævars segir mætti hafa komið í ljós við tollskoðun í Bergen að hann var með tugi þús. í ísl. peningum.

Mætti segir þau hjón hafa framfylgt ferðaáætlun og hafi kona og barn haldið flugleiðis heim í lok sept. Þá kveðst mætti hafa verið í Frakklandi og starfað við vínuppskeru til 31/1o. Þann tíma og tvær vikur af nóv., kveðst mætti hafa dvalið hjá kunningja Geirlaugi Magnússyni í Aix en Provence. Þangað kveðst mætti hafa fengið póst að heiman. Jafnframt skeyti frá Sævari með ósk um að hringja í síma 43848. Það kveðst mætti hafa gert nokkrum dögum seinna. Þá hafi Sævar verið búinn að frétta að mætti hugðist koma heim og Sævar sem ætlaði að leigja kvikmyndir í Belgíu hafi stungið upp á að þeir mætti og Sævar hittust í Luxemburg um miðjan nóv. Kveðst mætti hafa ekið til Luxemburg og dvalið á Farfuglaheimili. Tvisvar eða þrisvar kvaðst mætti hafa farið á flugvöll að vitja Sævars og hann loks komið. Með honum hafi þá verið Geiri e-r og kvað mætti fljótlega hafa komist að því að hann hygðist kaupa hass og gras. Þeir Sævar og Geiri hafi reyndar báðir ráðgert slíkt og framkvæmt. Mætti kveðst hafa sagt piltum að hann tæki engan þátt í efniskaupum og lýsti fyrir þeim auraleysi sínu. Mætti kveðst hafa ekið þeim um Rotterdam og Amsterdam en ekki vita á hvorum staðnum efni var keypt. Ekki kveðst mætti vita hve mikið þeir keyptu né hverja peninga þeir höfðu en miðað við það sem mætti hefur heyrt, hafi þeir hvor um sig áreiðanlega haft um 1.8oo h.g. og keypt 2 kg.

Mætti segir Geira og Sævar hafa rætt um að fela efnið í bílnum en hann kveðst ekki hafa bannað þeim það né leyft.

Sérstaklega aðspurður segir mætti þá félaga Sævar og Geira hafa boðið sér að greiða flutningsgjald bifreiðar heim og loo þús. kr. í peningum er efni væri selt, ef mætti samþykkti að efni yrði falið í bílnum. Mætti kveðst hafa gengið að þessu en engan þátt hafa tekið í að ganga frá efni og ekki vita hvar það var falið.

Sérstaklega aðspurður segir mætti að hann viti ekki hvort fleiri eigi efni en þeir tveir Geiri og Sævar en frekar gera ráð fyrir því.

Mætti kveðst hafa heyrt bæði í Sævari og Geira eftir heimkomu 26. nóv. og hafi Geiri ætlað að vera búinn að koma flutningskostn. bifreiðar til mætta, kr. 52.ooo.- en svo hafi ekki enn orðið.

Í gær kveðst mætti hafa farið að vitja bifreiðar, en þá reyndar eingöngu ætlað að taka þaðan farangur.

Aðspurður um peninga sem fundust í fórum mætta við handtöku segir hann það efst. húsnæðismálaláns kr. 2oo.ooo.- sem nýlega var borgað út, þ.e. í sept. sl.

Upplesið, staðfest með
eftirfarandi leiðréttingu.

I. Mætti kveðst ekki hafa búið hjá Geirlaugi Magnússyni en fengið þangað sendan póst.

II. Mætti kveðst ekki eingöngu hafa mætt á flugvöll í Luxemburg til að vitja Sævars, heldur hafa jafnframt haft þar afdrep.

Staðfest.

Vottað: Guðm. Guðbergsson.

Guðjón Skarphéðinsson.
Vék frá kl. 14.15 og í geymslu um sinn samkvæmt ákvörðun dómara.

Var þá í málinu kveðinn upp svofelldur

Ú R S K U R Ð U R

Ár 1975, laugardaginn 13. des. var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum sem háð var af Arnari Guðmundssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau að við leit tollvarða í Citroenbifreið árg. 67 með skrásetn.nr. R.45248 sem kom með m/s Reykjafossi frá Antwerpen í gær fannst meint kannabis, 2.55o+12oo grömm, falið í "sílsum" og framhurð. Eigandi bifreiðar, Guðjón Skarphéðinsson, fæddur 19. júní 1943, kom að vitja hennar en var handtekinn og færður fyrir lögreglu.

Við frumyfirheyrslu hjá lögreglu og svo hér fyrir dómi nú fyrir stundu skýrði Guðjón m.a. frá því að hann hafi haldið utan með Smyrli í ágúst sl. ásamt konu sinni og barni. Þau hafi verið að fara í ca. mánaðarskemmtiferð um Evrópu. Einn samferðamann um borð í Smyrli segir Guðjón hafa verið Sævar M. Ciesielski sem reyndist við tollskoðun í Bergen hafa tugu þúsunda í ísl. peningum. Guðjón sagði Sævar hafa verið samferða til Oslo og Gautaborgar en þaðan hafi hann haldið til Kaupmannahafnar.

Ferð hafi síðan verið framfylgt samkvæmt áætlun en hafi kona og barn haldið flugleiðis til Íslands í lok sept. Þá kveðst Guðjón hafa verið dveljandi í Frakklandi og dvalið fram í nóvember.

Í byrjun nóv. kveðst hann hafa fengið skeyti frá Sævari með beiðni um að hringja í síma ákveðinn í Kópavogi. Kvaðst Guðjón hafa gert svo nokkrum dögum seinna og þá hafi Sævar sem hefði frétt að meining Guðjóns var að fara að halda heim, mælst til, að þeir hittust í Luxemburg. Kveðst Guðjón hafa haldið til Luxemburg og tekið á móti Sævari, og reyndar pilti með honum, Geira að nafni. Kveðst Guðjón sem var orðinn auralaus fljótlega hafa komist að raun um að piltar voru ákveðnir að kaupa hassefni. Eftir fortölur kveðst hann hafa samþykkt að þeir feldu hassefni í bifreið sinni, þar sem þeir buðu að greiða flutn.kostnað hennar heim svo og kr. loo þús. að auki þegar fíkniefni væru seld.

Aðspurður neitaði Guðjón því að vita hvar efni væri falið í bifreið en persónulega telja að þeir hafi hvor um sig haft fé til að kaupa a.m.k. 2 kg. af hassi.

Dómari hefur fregnað að Sævar M. Ciesielski hafi í gær verið úrskurðaður í gæsluvarðhald hjá sakadómi Rvík., en Geiri áðurnefndur hefur ekki fundist.

Þegar litið er til efnismagns og fjárverðmæta vaknar grunur um að margir aðilar eigi hlut að máli.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi og þykir því nauðsyn til bera með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 3., sbr. 5. sbr. 6. gr. laga 65/1974, sbr. rg. 39o/1974 og 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að úrskurða Guðjón Skarphéðinsson, til heimilis að Grettisgötu 31 A, hér í borg f. 19/6 1943 í gæsluvarðhald svo hann tefji ekki eða torveldi rannsókn með óskertu frelsi sínu, enda eru ákvæði 65 gr. stjórnarskrár

gæsluvarðhaldi ekki til fyrirstöðu þar sem brot það sem hér um ræðir gæti varðað fangelsi ef sannaðist. 7

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 2o dögum.

ÚRSKURÐARORÐ

Guðjón Skarphéðinsson, Grettisgötu 31 A, f. 19/6 1943, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 2o daga.

Arnar Guðmundsson.

Kl. 15.1o mætir kærði Guðjón Skarphéðinsson í réttinum.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga 74/1974 en mætti jafnframt áminntur um sannsögli.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði í réttinum.

Kærða er bent á rétt sinn samkvæmt 2. gr. 1. tl. 8o. gr. og 3. tl. 172 gr. laga 71/1974.

Kærði kveðst ekki óska eftir að kæra úrskurð til Hæstaréttar né að fá sér skipaðan réttargæslumann.

Vottað: Upplesið, staðfest.

Snorri Sigurjónsson. Guðjón Skarphéðinsson.

Dómari ítrekaði við lögreglu nauðsyn þess að fundinn verði "Geiri" sem talinn er Ásgeir Ebeneser Þórðarson.

Dómþingi slitið kl. 15.3o.

Arnar Guðmundsson.

Ár 1975, mánudaginn 15. des. var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Rvík. af Arnari Guðmundssyni við undirritaða votta.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Skjöl málsins nr. 1-4 incl. eru til staðar.

Dómari leggur fram og þingmerkir svo:

Nr. 5: Lögr.skýrsla, dags. 12/12 1975 (húsleit að Grettisgötu 31a) nr. A-11442/75.

Nr. 6: Lögr.skýrsla, dags. 12/12 1975 (leit að Ásg. E. Þórðars.) nr. A-11443/75.

Nr. 7: Lögr.skýrsla, dags. 13/12 1975 nr. A-11444/75.

Nr. 8: Lögr.skýrsla dags. 15/12 1975 nr. A-11446/75.

Skjölin fylgja í frumriti.

Kl. 11.26 mætir í réttinum Ásgeir Ebeneser Þórðarson, atvinnulaus, fæddur 15. ágúst 195o í Rvík., til heimilis að Kirkjutorgi 6, Rvík.

Mætta er gert ljóst tilefni fyrirkalls.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga 74/1974 en mætti jafnframt áminntur um sannsögli.

Nánar um atvik máls er mætta bent á að hann sé grunaður um aðild að innflutningi verulegs magns fíkniefna.

Mætti kveðst ekki hafa hugmynd um neitt slíkt en er dómari bendir á að ástæða sé til að gruna mætta um áðurnefnda aðild segir mætti það aðeins vera dylgjur dómara í sinn garð.

Sérstaklega aðspurður um utanferðir á þessu ári, kveðst mætti hafa starfað á Tungufossi eftir skólagöngu í Stýrimannaskóla í vor. Það hafi verið tímabilið maí-júlí. Um miðjan nóv. kveðst mætti hafa haldið einn fljúgandi til Luxemburg. Hér hafi verið um skemmtiferð að ræða en jafnframt kveðst mætti hafa ætlað að kanna möguleika á innflutningi fatnaðar fyrir Guðmund Einar Harðarson.

Fyrir för kveðst mætti hafa sótt um ferðamannagjaldeyri í Vegamótaútibúi Landsbanka Íslands og auk þess átt e-ð þannig að farareyrir hafi samtals verið sem svaraði kr. 5o.ooo.- ísl.

Aðspurður kvaðst mætti hafa verið illa haldinn í nefndri ferð sökum víndrykkju en ferð hafi í það heila tekið u.þ.b. viku. Ekki kveðst mætti minnast þess að hafa hitt neina íslendinga í þessari ferð.

Aðspurður um ferðamáta, kveðst mætti mestmegnis hafa ferðast um á puttanum þ.e. hafa fengið far með fólki sem mætti kveðst ekki þekkja. Þannig kveðst mætti hafa ekið um Belgíu og Holland en komið flugleiðis frá Hollandi, þ.e. Amsterdam með viðkomu í Kaupmannahöfn og Glasgow.

Sérstaklega aðspurður kveðst mætti slælega hafa rekið erindi Guðm. Einars Harðarsonar. Mætti kveðst ekki minnast þess að hafa verslað með fíkniefni í þessari ferð.

Sérstaklega aðspurður um Sævar Marino Ciesielski, kveðst mætti nú minnast þess að hafa séð hann í fríhöfn eða á flugvelli á leið út en mætti kveðst ekki minnast þess að hafa séð hann í vélinni á leið út.

Dómari ítrekar við mætta að hann sé grunaður um aðild að innflutningi verulegs magns fíkniefna og sé það m.a. tengt nefndri utanför mætta. Mætti kveðst ekki neita því né játa en neitar að tjá sig um það að svo komnu máli.

Upplesið, staðfest rétt bókað, með eftirfarandi leiðréttingu.

Mætti segir dómara ekki hafa verið með dylgjur í sinn garð heldur hafi sér fundist rangt af dómara að gefa í skyn að mætti vissi hluti sem mætti vissi ekkert um.

Vottað:
Gísli Pálsson.

Staðfest.
Ásgeir Ebeneser.

Vék frá kl. 12.1o og í geymslu um sinn samkvæmt ákvörðun dómara.

Var þá gert **10**

RÉTTARHLÉ

Kl. 13.55 er dómþingi fram haldið. Þá mætir í réttinum gæslufangi Guðjón Skarphéðinsson.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga 74/1974 en mætti jafnframt áminntur um sannsögli.

Sérstaklega aðspurður segir mætti þá Geira og Sævar oft hafa fengið lykla að bifreið mætta meðan þeir þrír ferðuðust saman í síðasta mánuði. Þeir hafi báðir haft sitt dót í bílnum og oftlega fengið lykla til að vitja þess. Þannig kveðst mætti minnast þess að hafa afhent þeim lykla bæði í Amsterdam og Rotterdam og m.a. í Rotterdam meðan mætti fór fótgangandi að finna umboðsmann Eimskips.

Dómari sýnir mætta samanpressaða dökkbrúna plötu og glas með brúnu dufti sem hvorutveggja fannst í farangri þeim sem var í bifreiðinni. Mætti kveðst kannast við plötuna sem kínverskt te. Hafi annar hvor þeirra Geira eða Sævar keypt plötuna í lítilli búð í Rotterdam fyrir 12 h.g. að því er mætti telur. Plata hafi síðan verið skilin eftir í bílnum. Varðandi glasið með brúnu dufti segir mætti utanáskrift á glasi bera með sér innihaldið, sem sé kallað "spönsk fluga" og m.a. brúklegt til hárþvottar. Kveðst mætti hafa keypt glasið í apóteki hér í borg fyrir a.m.k. tveimur árum.

Þá eru til staðar í réttinum tvö glös. Annað með litlum tfl. og utanáskrift Tryptizol. Þetta glas og innihald þess kveðst mætti ekki kannast við. Hitt glasið er mun minna og á loki þess stendur m.a. Tiger Balm. Innihaldið er brúnt krem

og kveðst mætti hafa keypt þetta í Amsterdam sem kamfóru. **11**

Sérstaklega aðspurður um hvenær Geiri og Sævar hafi getað falið fíkniefni í bifreið, kveðst mætti líklegastan telja þann dag sem síðast var dvalið í Rotterdam og þá meðan mætti fór að finna umboðsmann Eimskips, en þá var bifreið lagt á stóru bílastæði nálægt Skandinavísku sjómannaheimili.

Vottað: Upplesið, staðfest rétt bókað.

Ásgeir Friðjónsson. Guðjón Skarphéðinsson.

Kl. 14.35 mætir jafnframt í réttinum Ásgeir Ebeneser Þórðarson.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga 74/1974 en báðir mættu jafnframt áminntir um sannsögli.

Aðspurður kveðst mætti Ásgeir ekki kannast við hinn aðila sem hér er til samprófunar.

Aðspurður kveðst mætti Guðjón kannast við hinn mætta sem Geira þann sem mætti hefur áður lýst hér í dómi og hvern hann sá fyrst á flugvelli í Luxemburg fyrir ca. þrem vikum.

Ítrekað aðspurður kveðst mætti Ásgeir ekki minnast þess að hafa séð hinn mætta fyrr.

Enn frekar og ítarlega aðspurður kveðst mætti Ásgeir ekki óska að tjá sig frekar en ítrekar að hann minnist þess ekki að hafa séð hinn aðila sem mættur er til samprófunar.

Upplesið, staðfest rétt bókað.
M.F.

Vottað: Ásgeir Ebenesar.

Ásgeir Friðjónsson. Guðjón Skarphéðinsson.

Ásgeir Ebeneser reyndi að ná símasambandi við hrl. Jón E. Ragnarsson án árangurs en vék svo frá kl. 14.58 og í geymslu um sinn samkvæmt ákvörðun dómara.

Sérstaklega aðspurður segir mætti Guðjón að Geiri hafi einu sinni heimsótt sig á Grettisgötu. Það hafi verið meðan kona mætta dvaldi á Fæðingarheimili 2-8 des. sl. Mætti segir þá hafa rætt um heimkomu bifreiðar. Bifreið hafi átt að koma með Grundarfossi en svo ekki verið heldur hafi farið svo að bifreið hafi farið um borð í Reykjafoss. Telur mætti að Geiri hafi sagt sér þessi tíðindi. Mætti bætir við að Sævar M. Ciesielski hafi einnig komið til mætta þetta síðdegi. Þeir allir þrír orðið samferða út, enda mætti að fara í kvöldheimsókn á Fæðingarheimili. Mætti minnist þess að hafa komið til Geira á heimili hans að Kirkjutorgi. Mætti segir nokkra hafa verið þar viðstadda en ekki kveðst hann þekkja þá með nöfnum, utan faðir Ásgeirs sem kom þar lítillega.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Vottað: Guðjón Skarphéðinsson.

Ásgeir Friðjónsson. Vék frá kl. 15.2o.

Dómari leggur nú fram og þingmerkir:

Nr. 9: Skýrsla Þorsteins Steingrímssonar.

Skjalið fylgir í frumriti.

Var þá kl. 15.25 gert

R É T T A R H L É

Kl. 17.oo var þinghaldi fram haldið af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta.

Var þá í réttinum mættur samkvæmt eigin ósk en með samþykki yfirsakadómara gæslufanginn Sævar Marino Ciesielski f. 6.7.1955, dveljandi að Þverbrekku 4 í Kópavogi. Mætti kveðst hafa óskað að ræða við dómara þar eð hann viti að dómari vinni um þessar mundir að lokaafgreiðslu meintra eldri fíkniefnasaka mætta.

Kveðst mætti fyrir nokkrum dögum hafa verið úrskurðaður í gæsluvarðhald en telja sig alsaklausan í því sambandi.

Dómari lætur þess getið, að hann viti ekki um nefnda rannsókn utan gæsluvarðhaldsúrskurð og um hann frétt er reynt var að boða mætta hér fyrir dóm s.l. laugardag vegna grunsemda um fíkniefnamisferli.

Var þá gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974 en mætti jafnframt áminntur um sannsögli.

Aðspurður kveðst mætti talsvert ferðast erlendis atvinnu sinnar vegna, nánar kvikmyndagerðar og sölu slíkra mynda. Þannig kveðst mætti hafa síðast komið hingað til lands úr slíkri ferð fyrir 3-4 vikum.

Nánar kveðst mætti hafa haldið flugleiðis til Luxemburg þaðan með lest til Zürich í Sviss, þá til Brussel og Amsterdam einnig með lest. Þá flugleiðis hingað til lands þó með millilendingu í Kaupmannahöfn.

Mætti kveður för samtals hafa varað 7-1o daga og erindið annars vegar verið að útvega erlent lán til kvikmyndagerðar en hins vegar að selja eintök íslenskra kvikmynda. Mætti kveðst allan tímann hafa verið einn í för.

Enn ítarlega aðspurður neitar mætti að hafa í för hitt eða átt samskipti við nokkurn íslending. Mætti kveðst til farar hafa notað 3oo US $ og ekki skipt í annan gjaldmiðil. Þá kveður mætti nú hafa upp rifjast að hann muni mjög drukkinn í Amsterdam hafa hitt tvo íslendinga af hendingu og hjá þeim fengið lánuð 1oo hollensk gyllini. Nefnda menn kveðst mætti ekki kunna að nafngreina enda aldrei séð fyrr né síðar utan ofangreinds. Mætti er þá sérstaklega spurður hvort hann þekki Ásgeir Ebeneser Þórðarson. Segir mætti svo vera og reyndar nú muna að sá piltur

hafi haldið frá Íslandi með sömu flugvél og mætti en leiðir þeirra hafi skilið í Luxemburg án þess reyndar að þeir ræddust við eða ættu sameiginleg erindi. Síðar í sömu ferð kveðst mætti aftur af hendingu hafa í Amsterdam hitt nefndan Ásgeir ásamt einnig Guðjóni Skarphéðinssyni mætta vel kunnugum.

Ítarlega aðspurður kveðst mætti aðeins eina kvöldstund í Amsterdam hafa hitt nefnda menn, nánar af hendingu á skemmtistað þar í svertingjahverfi.

Dómari sýnir þá mætta dökka efnisplötu með myndþrykki og upphleyptu letri.

Aðspurður kveðst mætti kannast við efnisplötu og nánar hafa séð nefndan Ásgeir Ebeneser kaupa hana eða aðra slíka í Amsterdam og sagt vera þjappað kínverskt te. Kveðst mætti persónulega telja svo vera.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Þó kveðst mætti nú vilja skýra nánar og réttilega frá samskiptum sínum við fyrrnefndan Ásgeir Ebeneser og Guðjón Skarphéðinsson. Mætti og nefndur Ásgeir hafi haldið með sömu flugvél til Luxemburg án fyrra samráðs þar um en tekið tal saman á leiðinni. Í Luxemburg hafi Guðjón Skarphéðinsson samkvæmt fyrri ráðagerðum tekið ámóti mætta. Hafi samkvæmt beiðni Ásgeirs verið samþykkt að hann fengi samflot með mætta og nefndum Guðjóni í bifreið þess síðastnefnda. Hafi för í fyrstu verið heitið til Parísar en síðar horfið frá því og haldið til Brüssel. Þar kveðst mætti hafa lokið sínum erindum nánar að ræða við forráðamenn sjónvarpsstöðvar um hugsanleg kaup á íslenskum kvikmyndum. Áfangastaður Ásgeirs hafi að hans sögn verið Amsterdam enda hann verið með talsverðan erlendan gjaldeyri handa á milli að hans sögn til fatnaðarkaupa fyrir tískuverslun. Þeir félagar þrír fyrrnefndir hafi því orðið samferða

til Amsterdam og dvalið þar í 3-4 daga. Mætti kveður sér ekki þar í borg hafa tekist að ljúka fyrirhuguðum erindum varðandi sölu kvikmynda. Ekki kveðst mætti vita til að nefndur Ásgeir hafi lokið þar fyrrnefndum fatakaupum né hvernig fé hans eyddist. Þá hafi nefndur Guðjón viljað halda hingað til lands vegna barnsburðar eiginkonu og að ráðum Ásgeirs afráðið að senda bifreið sjóleiðis frá Rotterdam. Loks hafi þeir félagar þrír þaðan orðið samferða til Amsterdam og flugleiðis um Kaupmannahöfn hingað til lands.

Enn ítrekað aðspurður neitar mætti að hafa á nokkurn hátt í nefndri för meðhöndlað fíkniefni né hafa séð slíkt til nefndra félaga. Að vísu hafi Ásgeir lauslega rætt slík viðskipti en nánar þar um kveðst mætti ekki vita.

Vottað: Upplesið, staðfest rétt bókað.

Arnar Guðmundsson. Sævar M. Ciesielski.

Kl. 2o.o5 mætti í réttinum til samprófunar gæslufanginn Guðjón Skarphéðinsson.

Gætt var ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974 en mætti jafnframt áminntur um sannsögli.

Mætti Sævar endurtekur fyrri yfirlýsingar um sakleysi af meðhöndlun fíkniefna. Mætti Guðjón kveðst aðspurður telja ranga þá yfirlýsingu mætta Sævars enda séð hann handleika talsverðan gjaldmiðil og ráðgera sérstaka ráðstöfun hans. Sama hafi og gert Ásgeir Ebeneser.

Mætti Sævar kveður það rétt hermt og kveðst nú vilja bæta sinn fyrri framburð.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Vottað: Guðjón Skarphéðinsson.

Gísli Pálsson. Vék frá kl. 2o.4o.

Mætti Sævar kveður enn rétt vera að tilviljun hafi ráðið að hann og Ásgeir Ebeneser héldu með sömu flugvél til Luxemburg. Eftir að þangað kom og nánar á leið í bifreið til Brüssel hafi Ásgeir Ebeneser lýst miklum fjárráðum sínum og þeirri fyrirætlun að kaupa fíkniefni. Á þeirri stundu kvaðst mætti ekki hafa ákveðið að kaupa sjálfur fíkniefni en hins vegar átt handbæra rétt innan við 1.ooo US $. Nánar kveðst mætti hafa fengið það fé frá frænda sínum Stanley Ciesielski, búsettum í Bandaríkjunum en nú látnum. Nefnda upphæð kveðst mætti hafa fengið senda í nokkrum smærri skömmtum.

Fljótlega eftir að Ásgeir Ebeneser orðaði ráðagerð kveðst mætti hafa afráðið að verja einnig sínu fé handbæru til kaupa á fíkniefnum. Þá hafi Guðjón Skarphéðinsson samþykkt að efnum yrði leynt í bifreið hans enda þá á förum hingað til lands og hugðist fá bifreið þangað senda sjóleiðis.

Ferðum þeirra félaga kveðst mætti áður hafa réttilega lýst. Ásgeir Ebeneser hafi í Rotterdam talið sig þekkja sölumann hassefna. Hafi þeir félagar þrír fyrr margnefndir haldið til fundar við þann mann. Sá hafi rekið smáverslun á jarðhæð og einkum þar verið á boðstólum teiknimyndablöð og amerísk tímarit. Innar af verslun og lægra hafi verið herbergi með húsgögnum nánar t.d. setbekkur og bólstraðir stólar en einnig sjónvarpstæki og skrautfiskabúr. Nefndur sölumaður hafi verið þrekvaxinn með hálfsítt úfið skollitað hár, greitt aftur, sennilega nærri 3o ára að aldri. Mætti kveður nefndan Ásgeir Ebeneser á bjagaðri ensku hafa samið við sölumann um efnismagn og einingarverð. Mætti kvað sér hafa skilist á samtali þeirra að Ásgeir Ebeneser þekkti nefndan sölumann frá fyrri viðskiptum

og einnig að vinir Ásgeirs hefðu áður átt við hann sams konar viðskipti. Kveðst mætti í því sambandi muna að nefndur hafi verið Halldór sem búi í Skipholti. Mætti kveður hafa samist að lokum um verðið 1.7oo hollensk gyllini fyrir hvert kg. Hafi mætti afráðið að kaupa eitt kílógramm enda sem næst átt fé til þeirra kaupa. Hins vegar hafi Ásgeir Ebeneser keypt 1½ kg. Efni hafi verið talin af tegundinni Libanon og nánar verið grænleit í pressuðum plötum, hver um sig 2oo gr. að þyngd. Mætti kveður útlendan mann samkvæmt símhringingu fyrrnefnds sölumanns hafa komið með efni í verslun og afhent. Mætti kveður efnin hafa verið í bifreið Guðjóns, ófalin að kalla þar til næsta dag er mætti kveðst ásamt Ásgeiri hafa falið plötur í bifreið nánar í gólfbita hægra megin og með vissu eingöngu á þeim stað. Mætti kveður þetta hafa verið gert er bifreið var á stóru stæði nærri höfn. Mætti kveðst áður hafa réttilega lýst heimför þeirra félaga.

Ásgeir Ebeneser hafi lofað að greiða Guðjóni Skarphéðinssyni kr. 1oo.ooo fyrir efnisflutninga með bifreið en auk þess flutningsgjöld hennar hingað til lands 5o-6o þús. Kveðst mætti telja að Ásgeir hafi þegar greitt Guðjóni kr. 1oo.ooo. Hafi Guðjón hringt heim til mætta um kl. 14.oo-15.oo s.l. föstudag og skýrt svo frá en jafnframt að hann væri að fara til Tollstjóraembættis að leysa út bifreið. Sjálfur kveðst mætti ekki vegna kunningsskapar við Guðjón hafa átt að greiða neitt fyrir flutning síns hluta efna. Ásgeiri muni ekki hafa þótt það athugavert enda talið að mætti og Guðjón ættu efni í sameiningu. Þá kveður mætti hafa verið rágert að Ásgeir Ebeneser seldi efnishluta mætta fyrir kr. 1.ooo pr. gr. Ekki kveðst þó mætti

vita hverjum Ásgeir hugðist selja en hins vegar að hann muni fyrirfram hafa selt verulega af sínum hlut.

Einnig að Franklin K. Steiner hafi átt 1oo gr. af efnum og ætlað að sjá um sölu alls efnismagnsins á Keflavíkurflugvöll fyrir bandaríska $. og mætti átt að fá 6 slíka pr. gr. Nánar hafi Ásgeir reiknað með að svo gæti orðið en að öðrum kosti ætlað að greiða mætta kr. 1.ooo pr. gr.

Enn ítarlega spurður um framkvæmd við að fela efni í bifreið, kveðst mætti fullviss um að þau hafi eingöngu verið falin í fyrrnefndum bita. Hins vegar kveðst mætti til þessa hafa undan dregið að Guðjón Skarphéðinsson hafi verið viðstaddur er mætti og Ásgeir földu efni.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Vottað: Sævar M. Ciesielski.

Arnar Guðmundsson. Vék frá kl. 22.5o.

Var þá í málinu upp kveðinn svofelldur

Ú R S K U R Ð U R:

Ár 1975, mánudaginn 15. des. var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113 af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta.

M Á L S A T V I K:

Þann 12. þessa mánaðar kom hingað til lands frá Rotterdam með m/s Reykjafossi bifreiðin R. 45248 af Citroengerð. Við leit tollvarða fundust faldar í bifreið, nánar í gólfbita og innan í vinstri framhurð 12½ plata, hver heil 2oo gr. að þyngd af efnum sem lykt og útliti samkvæmt líktust hassi s.n.

Skráður eigandi bifreiðar Guðjón Skarphéðinsson var handtekinn er hann skömmu síðar vitjaði bifreiðar.

Í bifreið fundust einnig við fyrrnefnda leit í einni plötu um 1.3oo gr. af mjög dökkleitu efni sem samkvæmt litarprófunum hjá lögreglu gæti verið fíkniefni.

Sjálfstætt lýsti nefndur Guðjón hér fyrir dómi að hafa um miðjan nóv. s.l. samkvæmt beiðni kunningja síns, Sævars Marinó Ciesielski komið til móts við hann í Luxemburg. Þangað hafi frá Íslandi með nefndum Sævari komið piltur kallaður Geiri og hafi sá slegist í för til Brüssel og síðar Amsterdam og Rotterdam. Kvaðst nefndur Guðjón fljótlega hafa orðið var þess ásetnings Sævars og fyrrnefnds Geira að kaupa fíkniefni. Kvaðst Guðjón telja að þeir hefðu gert svo og fallist á að efnum yrði leynt í bifreið Guðjóns, enda nefndur Geiri lofað að greiða honum fyrir kr. 1oo.ooo.- en auk þess flutningsgjöld bifreiðar.

Nefndur Geiri nánar talinn vera Ásgeir Ebeneser Þórðarson var í morgun yfirheyrður hér fyrir dómi.

Kannaðist hann við að hafa um miðjan nóv. s.l. haldið flugleiðis til Luxemburg og síðar Hollands nánar Amsterdam og Rotterdam.

Alfarið neitaði Ásgeir að hafa í nefndri ferð með nokkrum hætti handleikið fíkniefni og kvaðst við samprófun hvorki þykkja né fyrr hafa séð nefndan Guðjón. Síðar kvaðst hann almennt neita að tjá sig um ætlað sakarefni.

Þá var hér fyrir dómi í dag yfirheyrður gæslufanginn Sævar Marinó Ciesielski f. 6.7.1955.

Sjálfstætt lýsti nefndur Sævar för sinni um miðjan nóv. s.l. til Luxemburg og þaðan ásamt fyrrnefndum Guðjóni og Ásgeiri til Brüssel en síðar Amsterdam og Rotterdam. Einnig að hafa á síðastnefndum stað keypt 1 kg. af hassefnum fyrir 1.7oo hollensk gyllini, en Ásgeir Ebeneser við

sama tækifæri 1½ kg. af sams konar efnum.

Þá hafi þeir félagar að fyrrnefndum Guðjóni nærstöddum leynt efnum í bifreið hans en síðar orðið samferða flugleiðis hingað til lands.

Telja verður rannsókn þessa enn á frumstigi og líklegt að yfirheyra þurfi marga aðila.

Ætluð brot varða við l. nr. 65/1974 sbr. og reglugerð nr. 39o/1974. Þykja því ákvæði 65. gr. stj.skr. ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds. Með vísan til ofanritaðs og enn fremur l. tl. l. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar máls þessa nauðsyn til bera að úrskurða Ásgeir Ebeneser Þórðarson f. 15. ágúst 195o í gæsluvarðhald sem hæfilega telst ákveðið allt að 2o dagar.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Ásgeir Ebeneser Þórðarson f. 15.8.195o skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 2o daga.

Ásgeir Friðjónsson.

Úrskurðarorðið var kl. ol.15 í réttihum birt Ásgeiri Ebeneser Þórðarsyni. Mætti kveðst áður hafa lýst þeirri ósk sinni að Jón E. Ragnarsson hrl. verði tilnefndur réttargæslumaður og í samráði við hann óska að taka afstöðu til hugsanlegrar kæru úrskurðar.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Vottað:

Gísli Pálsson.

Arnar Guðmundsson.

Ásgeir Ebeneser.

Vék frá kl. ol.2o

og í gæsluvarðhald.

Dómþingi slitið kl. ol.2o

Ásgeir Friðjónsson.

Ár 1975, þriðjudaginn 16. des. var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Rvík. af Arnari Guðmundssyni við undirritaða votta. Skjöl málsins nr. 1-9 incl. liggja frammi í réttinum.
Dómari leggur fram og þingmerkir svo:

Nr. 1o: Lögr.skýrsla, dags. 15/12 1975, nr. A-11452/75.

Nr. 11: d/1-d/6 aðflutn.skýrsla o.fl. varðandi flutn. bifr. R-45248.

Nr. 12: d/1-d/3 skjöl varðandi lán húsnæðismálastjórnar til Guðjóns Skarphéðinssonar.

Skjölin fylgja.

Kl. 1o.3o mætir í réttinum gæslufangi Guðjón Skarphéðinsson. Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga 74/1974 en mætti jafnframt áminntur um sannsögli.
Dómari bendir mætta á að ástæða sé til að ætla að hann viti meira mál þetta varðandi en hann hefur hér látið eftir sér bóka.

Mætti kveðst hafa heyrt á Sævari í gær hvar viðskipti með hass hafi átt sér stað. Ekki kveðst hann hafa orðið vitni, en miðað við framburð Sævars telja að efni hafi verið fengið hjá sölumanni tímarita og teikniblaða í götu sem mætti telur vera Saint Maria Strasse. Segist mætti hafa komið með Sævari og Geira til þessa manns um kl. 18 einn dag og hafi þeir síðar farið með honum út að borða um kvöldið. Maður hafi verið feitlaginn 2o-3o ára með skollitað millisítt slétt hár. Mætti segir Geira og Sævar hafa rætt við manninn á barnaskólaensku og Geiri þó öllu meira. Ekki kveðst mætti hafa heyrt nema lítillega á tal þeirra en samkvæmt því telja að Geiri hafi mann fyrir sig í skiptum við þennan mann.

Ekki kveðst mætti geta fullyrt þar um en telja að sá sé kallaður Kiddi og sé sjómaður.

Ítrekað aðspurður kveðst mætti ekki hafa séð efni né peninga ganga milli manna. Að kvöldi þessa dags segir mætti þá þrjá hafa ekið til Amsterdam til skemmtunar og að athuga með farseðla heim og dvalið þar í tvær nætur á hóteli í Börsemstate. Mætti segir þá sennilega á sunnudegi hafa haldið frá Amsterdam og þá um kvöldið m.a. haldið til áðurnefnds blaðasala í Rotterdam. Mætti segir sölumann heldur hafa verið þurran við heimsókn þeirra og kveðst hann því draga þá ályktun að efniskaup hafi þegar átt sér stað og að öllum líkindum áðurgreindan dag áður en haldið var til Amsterdam.

Sérstaklega aðspurður kveðst mætti ekki muna hvað sölumaður var kallaður en hafa heyrt á honum að í des. mánuði ætti hann að afplána fangelsisdóm.

Ítrekað aðspurður um hvar og hvenær efni var falið í bifreið segist mætti telja og reyndar næstum viss um að það hafi verið á bifreiðastæði sem áður getur er mætti fór að ræða við skipamiðlara. Kveðst mætti hafa komið að þeim Geira og Sævari þar sem þeir voru búnir að "rífa" aftursæti úr bifreið og losa plötu yfir bensíntank. Kveðst hann hafa spurt þá hvort þeir ætluðu að setja efnið í tankinn, en þeir sagt nei, enda mætti telja að þá þegar hafi þeir verið búnir að fela efnið þar sem hann sá ekkert slíkt í fórum þeirra.

Sérstaklega og ítrekað aðspurður um orðaskipti í bifreið áður en mætti fór á fund skipamiðlara segir mætti Sævar hafa sýnt hvítan plastpoka sem var undir framsæti og sagt að hassið væri í honum.

Sérstaklega aðspurður um hvar efni geti hafa verið falið í bifreið, segir mætti felustaði í honum enga vera. Sílsar séu engir á bílnum, ekki hafi efnið verið sett í vélina sökum fyrirferðar enda bíll gangfær. Varla hafi efni verið falið í hurðum bílsins, heldur væri betra að hafa það undir höndum. Nánar aðspurður segir mætti hurðaspjöld hafa verið laus á fleirum en einum stað.

Sérstaklega aðspurður segir mætti að Sævar hafi hringt í sig sl. föstudag. Fljótlega í samtali segir mætti Sævar hafa spurt: "Hvað kostar þetta?" Mætti kveðst hafa kváð en Sævar þá skipt um umræðuefni og m.a. sagt sér að lögregla væri búin að umkringja hús sitt.

Sérstaklega aðspurður kveðst mætti ekki hafa rætt peningamál við Sævar í þessu símtali og ekki hafi þeir rætt um bílinn eða komu hans.

Aðspurður sérstaklega segist mætti hafa sagt þeim Geira og Sævari að þegar mætti væri búinn að leysa út bifreið hafi hann ætlað að aka honum að sínu heimili og taka hann síðan af skrá, fyrst og fremst þar sem mætti þurfti ekki á honum að halda í vetur og sökum sparnaðar. Mætti kveðst hafa heyrt á þeim Geira og Sævari að þeir hafi verið með ýmsar fáranlegar hugmyndir um losun efna úr bifreið. Ein hafi verið sú að aka út á Seltjarnarnes þar sem margir afviknir staðir séu til og önnur hafi verið að fara upp í Steypustöð fyrir ofan Elliðaár.

Aðspurður sérstaklega um ferðir mætta sl. föstudag kveðst hann hafa komið við hjá Geira á leið sinni um bæinn og kveðst mætti hafa sagt honum ætlun sína að kanna hvar skipið lægi. Mætti segir kl. hafa verið um 17.oo og Geiri hafi fundið að

því við mætta hví hann kæmi svo seint þar sem útilokað hafi verið að ná bílnum út þennan dag.

Ítrekað aðspurður segir mætti Geira ekki hafa borgað sér fé þennan dag né fyrr, utan að hafa ásamt Sævari tekið þátt í viðgerðarkostnaði á bifreiðinni í Hollandi.

Aðspurður sérstaklega segir mætti e-n strák hafa verið hjá Geira sl. föstudag er mætti kom þar.

Við upplestur og síðar við könnun almanaks segir mætti þá þrjá hafa komið við hjá sölumanni fimmtudag 2o. nóv. sl., nánar á föstudegi 21. nóv. og þá um kvöldið haldið til Amsterdam.

Sérstaklega aðspurður kveðst mætti ekki geta gert grein fyrir neinum viðskiptasamböndum sínum og Sævars utan að hafa einu sinni skrifað upp á víxil fyrir hann. Mætti segist vita að Sævar hafi tvívegis skrifað sér út í haust en bæði hafi verið endursend. Mætti minnist þess að hafa skrifað Sævari eitt bréf frá París.

Sérstaklega aðspurður segir mætti Sævar hafa sagt sér að andvirði hasssölu hafi hann ætlað að nota til að reyna að koma upp aðstöðu til kvikmyndasýninga.

Sérstaklega aðspurður kveðst mætti ekki vita til að Sævar noti titil e-n með nafni mætta. Er mætta er sýnt sérprentað bréfsefni Sævars þar sem mætti er nefndur production manager, kveðst hann aldrei hafa orðið þess vísari fyrr né geta gefið skýringar þar á.

Mætti kannast við að hafa fengið 4oo þús. kr. lán og hafa lánað Sævari loo þús. þar af sem enn er ógreitt. Meðan mætti dvaldi erlendis kvaðst hann hafa átt hér heima að því er hann taldi 5o þús. og jafnvel hafa rætt við Sævar

í bréfi hvort hugsanlegt væri að hann gæti sent það utan, þ.e. aðstoðað konu mætta við slíkt en til þess hafi ekki komið.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Vottað: Guðjón Skarphéðinsson.

Gísli Pálsson. Vék frá kl. 12.28.

Kl. 16.oo var dómþingi fram haldið af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta. Var þá mættur gæslufanginn Ásgeir Ebeneser Þórðarson. Einnig var viðstaddur þinghald Finnur Torfi Stefánsson skipaður réttargæslumaður mætta.

Gætt var ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974 en mætti jafnframt áminntur um sannsögli.

Skipaður réttargæslumaður hefur skoðað forsendur gæsluvarðhaldsúrskurðar og að því búnu rætt einslega við mætta Ásgeir.

Aðspurður kveðst mætti ekki hafa í huga að skjóta úrskurði með kæru til æðri dóms. Mætti lýsir yfir að óbreytt sé að öðru leyti hans fyrri afstaða og kveðst því neita að svara nokkurri spurningu ætlað sakarefni varðandi.

Finnur Torfi Stefánsson. Upplesið, staðfest rétt bókað.

Vottað: Ásgeir Ebeneser.

Arnar Guðmundsson. Vék frá kl. 16.33 og í gæsluvarðhald.

Dómþingi slitið kl. 16.35.

Ásgeir Friðjónsson.

Ár 1975, miðvikudaginn 17. des. var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Skjöl málsins eru til staðar. **26**

Kl. lo.3o var í réttinum mættur gæslufanginn Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt var ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974 en mætti jafnframt áminntur um sannsögli.

Aðspurður rifjar mætti upp á sama veg og fyrr upphaf farar flugleiðis til Luxemburg og að Ásgeir hafi þá lýst að hann væri í fatakaupaleiðangri og í því sambandi sýnt verulega fjárhæð í erlendum gjaldmiðli, nánar dönskum. Þá kveðst mætti muna að Ásgeir hafi við upphaf ferðar sagst svefnlaus og þreyttur enda undir áhrifum örvandi lyfja og nánast að koma beint úr samkvæmi við Stigahlíð. Kveðst mætti hafa sett það í samband við fyrrnefnd fatakaup og eiganda tískuverslunar jafnvel Casanova.

Mætti kveðst áður réttilega hafa lýst sameiginlegri för þeirra félaga þriggja landa í milli í bifreið Guðjóns og loks til Hollands annars vegar vegna fíkniefnakaupa Ásgeirs en hins vegar vegna þess að Guðjón hafði þá ákveðið að senda bifreið sjóleiðis þaðan til Íslands.

Mætti undirstrikar að Ásgeir hafi vísað veginn á fund fíkniefnasala í Rotterdam og þá fyrst hafi vaknað sá ásetningur mætta að festa einnig sitt fé í kaupum slíkra efna. Þar hafi Guðjón Skarphéðinsson m.a. túlkað af flæmsku samningaumleitanir Ásgeir og hins hollenska fíkniefnasala. Guðjón hafi því vel vitað bæði um einingarverð efna og hvað magn hvor þeirra Ásgeirs og mætta fékk í sinn hlut.

Varðandi stóra efnisplötu af dökku efni nánar að sögn mætta pressað kínverskt te, kveðst hann í Rotterdam hafa verið í för með Ásgeiri er sá keypti nefnda plötu og spaugaði

um að gaman væri að láta beinlínis grípa sig með hana hér á landi og jafnvel dæma sem hass en sýna síðar fram á hvers kyns væri.

Enn umbeðinn að lýsa ferli efna frá kaupum til endanlegs felustaðar í bifreið, kveðst mætti nú muna að hafa áður þar um skýrt nokkuð ónákvæmlega frá. Hið nákvæmlega rétta sé að efni hafi verið keypt að kvöldlagi, Ásgeir veitt því móttöku umbúið í plastpoka og afhent mætta. Þá kveðst mætti hafa gengið að vínbar þar rétt hjá en Ásgeir haldið áfram að spjalla við sölumann efna. Á nefndum vínbar hafi Guðjón Skarphéðinsson beðið. Þar kveðst mætti hafa sýnt honum efni og fengið bíllykla. Þá kveðst mætti hafa lauslega falið allt efnismagn í bifreið nánar fyrir innan spjald í framhurð bifreiðarstjóra megin. Þar hafi efni verið til næsta dags en Guðjón þá ekið bifreið frá hóteli þeirra félaga ásamt mætta og Ásgeiri að bifreiðastæði nærri höfn. Þar hafi þeir félagar rætt fram og aftur ýmsa heppilega felustaði í bifreið. Guðjón m.a. stungið upp á hjólbörðum en mætti bensíngeymi. Loks hafi orðið að ráði að fela efni í gólfbita eða loftrásarstokk. Hafi Guðjón séð efnum þar fyrir komið en að vísu gengið frá um stund á meðan mætti og Ásgeir endanlega færðu ummerki í sama horf.

Eftir heimkomu þeirra félaga hingað til lands kveðst mætti muna að þeir hafi samtals þrisvar sinnum sameiginlega og heima hjá Ásgeiri rætt skipakomur, greiðslur Ásgeirs til Guðjóns, losun efna úr bifreið og síðar dreifingu þess. Í eitt skipti hafi og setið slíkan fund Sigurður Helgi Guðmundsson. Við annað tækifæri hafi þangað komið Franklin Kristinn Steiner og Alfreð Hilmarsson. Franklin hafi sem

fyrr segir talið sig eiga loo gr. af efnum en auk þess ætla að selja allt heildarmagnið á Keflavíkurflugvöll.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Vottað: Sævar M. Ciesielski.

Gísli Pálsson. Vék frá kl. 12.o5.

R É T T A R H L É

Kl. 14.oo var dómþingi fram haldið og þá í réttinum mættur gæslufanginn Guðjón Skarphéðinsson.

Gætt var ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974 en mætti jafnframt áminntur um sannsögli.

Viðstaddur þinghald var Haraldur Blöndal skipaður réttargæslumaður mætta.

Aðspurður neitar mætti að hafa á nokkru stigi samningaumleitana fyrrnefnds Geira og Sævars við sölumann í Rotterdam tekið þátt í þeim, túlkað eða aðstoðað á annan hátt og því hvorki vitað um endanlegt einingarverð né heildarmagn.

Kveðst mætti því styðjast við frásögn Sævars af því hvenær viðskipti urðu, nánar hafi þeir félagar þrír orðið samferða langleið á fund sölumanns en mætti kveðst ekki hafa viljað vita hvað þar kynni að gerast og því stansað á vínbar í grennd bókaverslunar. Þangað hafi Sævar skömmu síðar komið og sagt viðskipti afstaðin, en ekki kveðst mætti muna til að Sævar hafi þá verið með neitt það meðferðis sem gæti hafa verið nefnd fíkniefni.

Mætti kveðst áður hafa lýst að hann ók bifreið frá hóteli á stórt stæði nærri höfn. Með í bifreið hafi verið Geiri fyrrnefndur og Sævar. Þar kveðst mætti hafa skilið við þá félaga í eða við bifreið og sjálfur haldið til sjómannaheimilis í grennd. Skömmu síðar á fund skipamiðlara að semja

um sendingu bifreiðar til Íslands og í bakaleið fram hjá bifreið á stæði fyrrnefndu. Þar hafi þá enn verið Geiri og Sævar, aftursæti úr skorðum og líkast því sem þeir félagar væru að raska bensíngeymi. Kvaðst mætti hafa aftekið að þeir röskuðu neinu viðkomandi geymi eða gangverki bifreiðar enda hugmyndir þeirra svo fráleitar að eyðilagt hefði getað eða skemmt. Þrátt fyrir það kveðst mætti ekki hafa fylgst nánar með bjástri þeirra félaga en haldið aftur til sjómannaheimilis. Þangað hafi þeir félagar margnefndir komið nokkru síðar og aðspurðir sagst "vera búnir" eða e-ð í þá átt og bætt við glaðlega "það finnst aldrei."

Sérstaklega aðspurður kveðst mætti ekki af tilsvörum hafa talið sig með vissu geta ráðið að efni hefðu þar með verið falin í bifreið. Mætti segir þá félaga síðar á samleið hingað til lands fastlega hafa gefið í skyn að efni væru í bifreið en þó kveðst mætti persónulega hafa talið ólíklegt að svo væri.

Mætti kveðst áður hafa lýst fundum sínum með Sævari og Geira eftir að hingað til lands kom. Hafi þar hvergi beinlínis borið á góma bifreiðina en hins vegar skipaferðir. Mætti kveðst aldrei hafa krafið nefndan Geira um fyrrgreindar greiðslur né móttekið neitt fé frá honum.

Mætti er þá beðinn að lýsa sem nánast atvikum s.l. föstudag áður en hann kom á tollstjóraskrifstofu. Mætti kveðst sennilega samkvæmt símleiðis beiðni margnefnds Geira um kl. 17.oo hafa heimsótt hann á heimili hans við Kirkjutorg. Þar hafi verið fyrir þriðji maður mætta ókunnur en þó kveðst mætti mundu endurþekkja þann mann.

Dómari sýnir þá mætta mynd af 3. síðu dagbl. Vísir frá í gær nánar efst til hægri á síðu. Mætti segir fullvíst að þar sé áðurnefndur maður. Hafi sá og nefndur Geiri þá sagt mætta að þeir hefðu handbærar rúml. 52.ooo kr., nánar flutningsgjald bifreiðar en hins vegar væri mætti orðinn of seinn að leysa út bifreið þann daginn. Eigi að síður kveðst mætti hafa haldið til Tollstjóraskrifstofu enda þegar daginn áður tekið að gruna um lögreglu og tollvarðaafskipti af bifreið. Eftir yfirlýsingu tvímenninga um flutningsgjöld kveðst mætti hafa talið tímabært að spyrjast fyrir um bifreið og kanna viðbrögð hjá tollgæslu og þá einnig hvort bifreið kynni að hafa orðið fyrir skemmdum í flutningum.

Upplesið, staðfest rétt bókað með eftirfarandi leiðréttingum:

I. Mætti kveðst við eitt tækifæri hafa verið nærstaddur er Sævar og Geiri ræddu í bókaverslun almennt möguleika á hasskaupum við áður margnefndan seljanda. Afhending efna hafi hins vegar þá með vissu engin orðið.

II. Mætti kveður bann sitt við röskun hafa náð til alls akstursbúnaðar bifreiðar.

III. Sævar og Geiri hafi rætt margar leiðir til að smygla fíkniefnum hingað til lands og kveðst mætti því ekki með vissu hafa vitað að þeim hefði raunverulega verið fyrir komið í bifreið.

Vottað: Upplesið, staðfest rétt bókað.

Arnar Guðmundsson. Guðjón Skarphéðinsson.

Haraldur L. Blöndal.

Kl. 15.5o mætti í réttinum til samprófunar Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt var ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974 en mættu jafnframt áminntir um sannsögli.

Hvor aðila heldur fast við fyrri framburð varðandi gang mála um samninga við fíkniefnasala í Rotterdam. Mætti Guðjón lætur þess getið að hann hvorki skilji né tali hollensku eða flæmsku. Mætti Guðjón heldur fast við þann framburð að hafa ekki séð fíkniefnum fyrir komið í bifreið á stæði né þar með vitað fyrir víst að nefnd efni væru þar. Kveðst hann hins vegar eins og áður er fram komið hafa hafnað ýmsum tillögum þeirra félaga um vænlega felustaði.

Varðandi meintar fégreiðslur Ásgeirs Ebenesers til mætta Guðjóns kveðst mætti Sævar hafa ályktað svo vegna svara Guðjóns að hann hefði handbært fé til að leysa út bifreið. Mætti Guðjón segir þar skakka því að hann hafi aðspurður af mætta Sævari staðfest að eiga handbært fé eingöngu. Því fé kveðst mætti Guðjón áður hafa gert grein fyrir.

Upplesið, staðfest rétt bókað.
Sævar M. Ciesielski.
Vék frá kl. 16.4o

Mætti Guðjón útskýrði þá umbeðinn ýmis skjöl um fjárhagsstöðu sína síðast í sept. s.l., nánar þegar eiginkona hans kom hingað til lands.

Upplesið, staðfest rétt bókað.
Guðjón Skarphéðinsson.
Vék frá kl. 16.5o og í gæsluvarðhald.

Vottað:
Arnar Guðmundsson.
Haraldur L. Blöndal.

R É T T A R H L É

Kl. 18.3o var samkvæmt boðun mættur í réttinum Sigurður Helgi Guðmundsson f. 5.9.1953, til heimilis að Miðbraut 1, Seltjarnarnesi.

Gætt var ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974, mætta gert kunnugt tilefni yfirheyrslu en hann jafnframt áminntur um sannsögli.

Aðspurður kveðst mætti þekkja Ásgeir Ebeneser Þórðarson kallaðan Geira frænda. Ekki kveðst mætti hins vegar muna hvenær hann hafi síðast hitt nefndan Geira og ekki vita hvar sá búi. Almennt hittist þeir ekki utan helst á skemmtistöðum.

Ítarlega aðspurður kveður mætti ofangreint sín endanlegu svör um kunningsskap við nefndan Ásgeir Ebeneser.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Vottað: Sigurður Helgi Guðmundsson.

Gísli Pálsson. Vék frá kl. 19.o5.

Dómþingi slitið kl. 19.lo.

Ásgeir Friðjónsson.

Ár 1975, fimmtudaginn 18. des. var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Rvík. af Arnari Guðmundssyni við undirritaða votta.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Skjöl málsins nr. 1-12 incl. liggja frammi.

Dómari leggur fram og þingmerkir svo:

Nr. 13: Lögr. skýrsla, dags. 15. des. 1975, nr. A-1146o/75.

Nr. 14: Afrit af bréfi til Rannsóknarstofu í lyfjafræði dags. 16/12 75 (varðar sýni 129a).

Nr. 15: Afrit af bréfi til Rannsóknarstofu í lyfjafræði dags. 16/12 75 (varðar sýni 129b).

Skjölin fylgja.

Kl. 16.1o mætir í réttinum gæslufangi Guðjón Skarphéðinsson. Þá mætir í réttinum Sigurður Helgi Guðmundsson, f. 5/9 1953. Ekki náðist til Haraldar Blöndal.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga 74/1974 en báðir jafnframt áminntir um sannsögli.

Aðspurður kveðst mætti Sigurður aldrei hafa séð mætta Guðjón fyrr. Guðjón hins vegar kveðst hafa séð mætta Sigurð einu sinni svo hann muni. Hafi það verið milli kl. 17.oo og 18.oo sl. föstudag á heimili Ásgeirs Ebeneser Þórðarsonar að Kirkjutorgi. Þar hafi verið rætt um að skip með bifreið mætta (Guðjóns) væri komið.

Dómari spyr mætta Sigurð, hvort framburður Guðjóns sé réttur. Sigurður svarar: "Ef þessi maður er í e-h klandri þá kemur það mér ekki við." Dómari ítrekar spurningu og þá segist Sigurður kannast við að þeir hafi báðir verið hjá Ásgeiri sl. föstudag. Aðspurður um umræðuefni segir Sigurður hafa verið rætt um efnahagsmálin almennt. Ekki kveðst hann minnast þess að rætt hafi verið um skipakomur.

Sérstaklega aðspurður kveðst Sigurður ekki minnast þess að rætt hafi verið um peningaafhendingar viðstaddra í milli.

Aðspurður kveðst Guðjón ekki minnast þess að mætti Sigurður hafi tekið annan þátt í umræðum en að ræða með þeim komu skips og hvar það væri. Hins vegar hafi Geiri sagt peninga vera til staðar.

Sérstaklega aðspurður kveðst mætti Sigurður ekki koma fyrir sig þessum umræðum um skipakomu og ekki vita við hvaða skip er átt. Hins vegar hafi verið rætt almennt um þá tíð er hann og Geiri voru til sjós.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

| | |
|---|---|
| Vottað: | Guðjón Skarphéðinsson. |
| Gísli Pálsson. | Sigurður Helgi Guðmundsson. |

Guðjón vék frá kl.17.4o og **34**
var tilkynnt að hann væri laus
úr gæsluvarðhaldi en óheimil för
úr lögsagnarumdæmi Rvík. án
vitundar og vilja dómara.

Yfirheyrslu er fram haldið yfir Sigurði Helga Guðmundssyni.

Aðspurður um ástæðu breytts framburðar, kveðst mætti vilja taka fram að erfitt hafi verið í gær ~~(að erfitt hafi verið í gær)~~ að bera rangt um heimsókn til Geira sl. föstudag. Mætti kveðst hafa gert svo, þar sem hann saklaus vildi ekki blandast málum manna sem lentu í klandri. Hins vegar kveðst mætti ekki hafa verið viss um að hafa séð Guðjón fyrr en í rétti hér í dag, en hafa rifjað upp er heyrði framburð hans.

Nánar aðspurður kveðst mætti hafa komið til Geira um kl. 16.oo sl. föstudag í venjulega kurteisisheimsókn sem og nokkrum sinnum fyrr. Réttilega hafi Guðjón komið þar skömmu síðar en ekki kveðst mætti geta rifjað samtal aðila frekar en áður er gert. Mætti ítrekar að hafa ekki séð Guðjón fyrr en þarna og ekkert þekkja til hans. Mætti kveðst hafa staldrað við í rúma klst. og ekki hafa séð Geira síðan. Frá Geira kveðst mætti hafa ekið á blárri VWagen bifreið sinni og sótt konu sína til vinnu. Hún hafi starfað til kl. 17.oo.

Dómari bendir á að verið sé að rannsaka fíkniefnamisferli en ekki kveðst mætti eiga þar hlut að máli. Mætti nefnir að hafa gerst brotlegur fyrir nokkrum árum en vera löngu hættur slíku.

| | |
|---|---|
| Vottað: | Upplesið, staðfest rétt bókað. |
| Sigurður Hreinsson. | Sigurður Helgi Guðmundsson. |

Vék frá kl. 17.15.

Dómþingi slitið.

Arnar Guðmundsson.

Ár 1975, föstudaginn 19. des. var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113 af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Skjöl málsins eru til staðar í réttinum.

Kl. 14.3o var að eigin ósk mættur í réttinum gæslufanginn Ásgeir Ebeneser Þórðarson.

Gætt var ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974 en mætti jafnframt áminntur um sannsögli.

Mætti kveðst hafa óskað að mæta hér í dómi í því skyni að kvarta undan og mótmæla að sér hafi af fangavörðum að Skólavörðustíg 9 og vegna afstöðu dómara verið synjað um að fá sent frá kunningjum tóbak, ávexti, teikniáhöld o.fl.

Dómari lætur þess getið að í engu hafi verið mælt fyrir um sérmeðferð gæslufangans Ásgeirs Ebenesers Þórðarsonar og njóti hann því sem aðrir allra réttinda sem reglur fangahúsa heimila.

Sérstaklega aðspurður kveðst mætti enn halda fast við fyrri afstöðu og því neita að svara nokkurri spurningu hér fyrir dómi.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Ásgeir Ebeneser.

Vottað:

Gísli Pálsson.

Vék frá kl. 15.oo og í gæsluvarðhald.

Dómþingi slitið kl. 15.o5.

Ásgeir Friðjónsson.

Ár 1975, mánudaginn 22. des. var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Skjöl málsins eru til staðar þingmerkt sem nr. 1-15 að því meðtöldu.

Dómari lagði þá fram og þingmerkti svo:

Nr. 16: Skýrsla lögr. í Rvík. dags. 22/12 no. A-11522/75.

Nr. 17: Skýrsla lögr. í Rvík. dags. 16/12 no. A-11499/75.

Nr. 18: Myndrit af fjarritaorðsendingu dags. 27/8 s.l. frá tollgæslustjóra til norskra tollyfirvalda.

Nr. 19: Myndrit af svari norskra tollyfirvalda við ofangreindu.

Nr. 20: Myndrit af bréfi tollgæslustjóra til gjaldeyriseftirlits Seðlabanka dags. 29/8 1975.

Nr. 21: Ljósrit af fjarritaorðsendingu til hollenskra lögregluyfirvalda dags. 16/12 1975.

Nr. 22: Skýrsla lögr. í Rvík. dags. 18/12 75, no. A-11523/75.

Nr. 23: Skýrsla lögr. í Rvík. dags. 17/12 75, no. A-11549/75.

Kl. 14.3o var í réttinum mættur gæslufanginn Ásgeir Ebeneser Þórðarson.

Gætt var ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974 en mætti jafnframt áminntur um sannsögli.

Viðstaddur þinghald er Finnur Torfi Stefánsson hdl., skipaður réttargæslumaður gæslufanga.

Aðspurður kveðst gæslufangi ekki hafa neitt sjálfstætt fram að færa í máli. Hins vegar kveðst hann nú fyrirfram ekki vilja útiloka að hann kynni að svara spurningum.

Dómari spyr mætta hverjir hafi verið í för með honum nýlega erlendis.

Kveðst mætti þá almennt ekki hafa gert upp sinn hug um það hvort hann eigi eða geri rétt í að svara einstökum spurningum.

Dómari beinir þá til réttargæslumanns hvort hann með vísan til að hafa kynnt sér forsendur gæsluvarðhaldsúrskurðar treystist til að ráðleggja skjólstæðingi varðandi ofangreint. Réttargæslumaður kveðst almennt ráða gæslufanga til að svara spurningum.

Aðspurður kveðst þá mætti áður hafa réttilega lýst upphafi sinnar utanfarar í nóv. s.l. og erindi öðru fremur verið að athuga um innkaup á tískufatnaði fyrir Einar G. Harðarson. Á Keflavíkurflugvelli kveðst mætti og eingöngu fyrir tilviljun hafa hitt Sævar Marinó Ciesielski. Hafi svo skipast að þeir sátu saman í flugvél á leið til Luxemburg og skýrðu þá m.a. hvor fyrir hinum ferðaáætlun og erindi. Þá hafi nefndur Sævar lýst að í Luxemburg mundi taka á móti sér aðili, sem síðar reyndist Guðjón Skarphéðinsson. Þann mann kvaðst mætti ekki hafa séð fyrr en fyrsta sinni á flugvelli í Luxemburg. Hafi þrír ofangreindir ákveðið að verða samferða í bifreið Guðjóns en sá verið félaus og hafði þá beðið nokkra daga í Luxemburg eftir Sævari. Eftir ýmsa útúrkróka m.a. til Brüssel þar sem Sævar taldi sig hafa erindi kvikmyndagerð og sölu varðandi kveður mætti þá félaga hafa komið til Hollands í bifreið eftir nokkurra daga ferð frá Luxemburg. Nokkru áður kveðst mætti hafa orðið þess var að þá Sævar og Guðjón greindi á um sendingu bifreiðar hingað til lands. Sævar viljað að svo yrði nánar frá Rotterdam en Guðjón almennt verið á móti sendingu bifreiðar hingað til lands eða fremur kosið að svo yrði frá Þýskalandi. Mætti kvaðst hins vegar hafa átt í sínum

fórum gögn um skipaferðir að og frá Rotterdam en auk þess verið slíku kunnur frá því er mætti sjálfur kom oft við í þeirri höfn sem stýrimaður á íslenskum kaupskipum.

Mætti kveðst nú að loknu kaffihléi vilja við bæta öðru meginerindi upphaflegrar utanfarar, nánar hasskaupum. Tildrög þess hafi verið að aðilar sem mætti beinlínis kveðst ekki þora að nafngreina vegna ótta við hefndaraðgerðir hugsanlegar, hafi til sín leitað. Mætti kveðst þekkja nefnda aðila og hafi þeir upphaflega hreift hugmynd sennilega vitandi að mætti hafði oft siglt til erlendra hafna og verið þar ýmsum hnútum kunnugur. Milliganga mætta hafi verið rædd á þeim grundvelli að mætta yrði lagt til allt innkaupsverð efna, ferðir að kostnaðarlausu en 4o.ooo kr. að auki til eigin ráðstöfunar. Mætti kveður sér þá hafa hugkvæmst að sameina nefnt erindi áður margnefndum tískufatainnkaupum eða nánar öflun viðskiptasambanda á því sviði. Mætti kveðst ekki í því skyni hafa ætlað neitt fé og reyndar sjálfur ætlað að nýta sambönd ef fengjust þótt svo héti að för væri á vegum Einars G. Harðarsonar.

Nánar um fjárframlög áður ónefndra aðila kveðst mætti frá öðrum þeirra hafa móttekið 2oo.ooo ísl. kr. í einu lagi um tveim vikum fyrir brottför. Þá fjárhæð kveðst mætti í fyrstu hafa lagt óskerta á bankabók, nánar í Landsbanka, en síðar fært í ávísanareikning sinn við Vegamótaútibú sama banka. Af þeim reikningi kveðst mætti í fyrsta lagi hafa ávísað rúml. kr. 6o.ooo sem andvirði flugfarmiða báðar leiðir en að auki í nokkrum ávísunum greitt öðrum áðurnefndra fjármagnenda gjaldmiðil danskan sem sá útvegaði smám saman sennilega á ófrjálsum markaði. Þá kveðst mætti sjálfur hafa sótt um í Vegamótaútibúi Landsbanka og leyst

út annars vegar ávísun að upphæð um 937 hollensk gyllini en að auki í reiðufé loo hollensk gyllini. Loks kveðst mætti til farar hafa fengið lánaðar loo US $ hjá kunningja og enn eigi greitt. Af íslensku fé kveðst mætti ekkert hafa persónulega lagt fram en frá öðrum aðila enn ónefndum smám saman móttekið kr. 16o.ooo - 18o.ooo ísl. samtals.

Upplesið, staðfest rétt bókað með eftirfarandi athugasemdum:

1. Mætti kveður misskilning að Guðjón Skarphéðinsson hafi hugleitt að senda bifreið hingað til lands frá Þýskalandi.
2. Áðurnefnd 4o.ooo kveður mætti of þröngt mörkuð. Í reynd hafi fjármagnseigendur heimilað mætta innan sanngirnismarka að nota af fé til eigin þarfa.
3. Nefnda loo US $ kveður mætti svo sem reyndar að ofan greini eingöngu hafa verið á eigin vegum mætta.

Finnur Torfi Stefánsson. Upplesið, staðfest rétt bókað.
Vottað: Ásgeir Ebeneser.
Arnar Guðmundsson. Vék frá kl. 18.3o.

M A T A R H L É

Kl. 2o.3o var dómþingi fram haldið og þá enn mættur gæslufanginn Ásgeir Ebeneser Þórðarson.

Gætt var ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974 en mætti jafnframt áminntur um sannsögli.

Samkvæmt framansögðu kvaðst mætti þannig í nefnda för af gjaldeyri hafa flutt með sér eftirfarandi:

1. loo US $ áðurnefndir.
II. loo US $ þess utan frá öðrum hvorum fjármagnseigenda.
III. 4.2oo d. kr. eða þar um bil sem mætti kveðst samkvæmt framansögðu hafa leyst út með greiðslum af ávísanareikningi áðurnefndum.

IV. hollensk gyllini 937 í ávísun og loo í reiðufé samkvæmt áðurgreindri umsókn í Vegamótaútibúi.

Kveðst þá mætti samhengis vegna vilja víkja framburði aftur að dvöl þeirra félaga þriggja fyrrnefndra í Rotterdam. Þar hafi samkvæmt ráðagerðum Sævars verið ljóst orðið að hann hugðist kaupa hassefni og kveðst mætti hafa talið, að áhugi Sævars fyrir sendingu bifreiðar hingað til lands væri því beinlínis tengdur. Þar sem mætti einnig hugðist kaupa slík efni og hafði gert ráð fyrir að þurfa að greiða þá óákveðnum millilið fyrir flutning efna hingað til lands, kveðst mætti hafa farið að sjá sameiginlegan hag þeirra í sendingu bifreiðar hingað til lands og þá jafnframt að leyna efnum í henni. Hafi mætti og Sævar í bifreið að Guðjóni viðstöddum rætt ofangreint og mætti þá strax tjáð sig fúsan að greiða flutningsgjöld bifreiðar og reyndar nokkra upphæð að auki. Guðjón hafi lítið til mála lagt og hvorki játað né neitað ráðagerð.

Sævar hafi viljað gera hasskaupin í Rotterdam enda haft reyndar meðferðis nafn og heimilisfang líklegs söluaðila þar í borg. Sævar hafi fyrst og fremst viljað kaupa sem ódýrast hass en mætti verið á öðru máli. Hafi þetta meðal annars valdið að þeir félagar fóru oftar til funda og samninga við nefndan söluaðila. Loks hafi samist um lélega hasstegund nánar 2½ kg. samtals fyrir 1.7oo hollensk gyllini hvert kg. Ekki kveðst mætti muna né vita nafn á söluaðila en sá hafi verið feitvaxinn og rekið verslun með myndablöð og tímarit. Ekki kveðst mætti muna hver eða hverjir þeirra félaga fóru á fund sölumanns í einstök skipti en samanlagt hafi þeir allir komið á fund hans oftar en einu

sinni. Af nefndu heildarmagni kveðst mætti hafa átt $1\frac{1}{2}$ kg. samkvæmt framansögðu en 1 kg. hafi þá Sævar átt eða að minnsta kosti greitt. Hafi Sævar verið með um 1.ooo US $ í smáum seðlum en nánar kveðst mætti ekki vita um uppruna þess fjár. Þá segir mætti að Guðjón hafi ekið þeim Sævari í grennd verslunar er afhending skyldi verða en vikið á ölstofu með þeim ummælum að þar yrði hann á meðan þeir félagar lykju sínum erindum í verslun. Þangað hafi mætti og Sævar orðið samferða, mætti reitt fram greiðslu fyrir öllu efnismagni. Þá hafi Sævar haldið með efni til bifreiðar Guðjóns, mætti um sinn orðið eftir í verslun hjá seljanda og Sævar komið aftur þangað skömmu síðar og enn síðar Guðjón Skarphéðinsson. Mætti kveðst áður hafa gleymt að nefna að rétt áður en afhending varð í verslun hafi þangað komið til þessa ónefndur maður með allt efnismagn. Milliliður í verslun hafi sennilega ekki í sinn hlut fengið nema 3oo-35o hollensk gyllini.

Líklega síðar sama dag hafi Guðjón ekið þeim félögum á stæði við höfnina í Rotterdam og yfirgefið þá við bifreið. Þá hafi mætti séð að Sævar hafði áður falið allt efnið á bak við spjald í framhurð bifreiðastjóramegin. Þaðan hafi efni verið fjarlægð og eftir miklar vangaveltur þeirra félaga leynt efnum í gólfbita bifreiðar hægra meginn.

Sérstaklega aðspurður kvaðst mætti ekki muna til að Guðjón hafi komið að bifreið á meðan þeir félagar unnu við að koma efnum þar fyrir. Skömmu síðar hafi þeir félagar þrír orðið samferða í bifreið vegna féleysis frá Rotterdam til Amsterdam og þaðan til Scipool flughafnar. Þar hafi

mætti orðið eftir en þeir félagar Guðjón og Sævar enn haldið með bifreið í vöruskemmu í Rotterdam og næsta dag hitt mætta í flughöfn. Þaðan hafi þeir saman haldið flugleiðis um Kaupmannahöfn og Glasgow til Keflavíkurflugvallar.

Eftir heimkomu þeirra félaga hafi orðið tafir á skipsferð með bifreið og það valdið þeim félögum áhyggjum og stöðugum eftirgrennslunum. Á því tímabili hafi Sævar ítrekað fyrir hönd Guðjóns knúið á um aukagreiðslu og kveðst mætti loks hafa varpað fram við Guðjón að sú upphæð gæti orðið allt að loo.ooo kr. Þeirri upphæð kveðst mætti þó hafa lofað Guðjóni gegn betri vitund enda aldrei nefnt við fjármagnseigendur né ætlað að efna heldur eingöngu viljað róa Guðjón. Hins vegar kvaðst mætti fljótt eftir heimkomu hafa skýrt eigendum fjár frá samningi um greiðslu flutningsgjalda.
Var þá kl. 23.o5 gert

R É T T A R H L É

Kl. oo.5 var dómþingi fram haldið og þá enn mættur gæslufanginn Ásgeir Ebeneser Þórðarson.

Gætt var ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974 en mætti jafnframt áminntur um sannsögli.

Mætti er beðinn að lýsa sem nánast atburðum í réttri röð þann dag er Guðjón Skarphéðinsson var handtekinn. Mætti kveður nánar þann dag um kl. 16.3o nefndur Guðjón hafa komið á heimili mætti við Kirkjutorg og þar þá verið góður kunningi mætta Sigurður Guðmundsson. Mætti undirstrikar að nefndur Sigurður eigi engan hlut að máli þessu utan að sá hafi átt og eigi bifreið og hafi ætlað að aka mætta ýmissa erinda og m.a. í sambandi við móttöku margnefndrar bifreiðar Guðjóns. Mætti kveðst hvorki hafa

treyst Sævari né Guðjóni og því talið sér nauðsynlegt að vera nærri er Citroen bifreið yrði leyst úr tolli og efni úr henni tekin. Mætti kveður hins vegar víst að nefndur Sigurður hafi ekki vitað um fíkniefni í þeirri bifreið.

Er Guðjón samkvæmt framansögðu kom á fund mætta hafi hann skýrt frá símtali Sævars þá nokkru áður þar sem Sævar lýsti að lögregla væri þá að handtaka hann á heimili hans í Kópavogi. Mætti kveður þá Guðjón hafa óneitanlega sett það í samband við bifreiðina og hassefnin. Er þeir hafi hugleitt ýmislegt í því sambandi um hríð hafi einnig verið ljóst orðið að bifreið yrði tímans vegna ekki leyst út þann daginn og því ekki fyrr en mánudaginn þar á eftir. Guðjón hafi þá hreift þeirri hugmynd að vitja bifreiðar undir því yfirskyni að hann þyrfti í hana að vitja fatnaðar en athuga jafnframt möguleika á að taka úr henni hassefnin. Kveðst mætti þá umbeðinn fyrir Guðjóni nákvæmlega hafa lýst felustað hassefna í bifreið og Guðjón samkvæmt því eigi síðar en þá nákvæmlega vitað um felustað efna. Nokkru eftir að Guðjón hélt til tollstöðvar kvaðst mætti hins vegar eftir krókaleiðum hafa frétt að tollverðir hefðu þá rétt áðan fundið hassefni í bifreið.

Margítrekað aðspurður öðru hvoru í þinghaldi í kvöld færist mætti undan að nafngreina áður margnefnda eigendur fjármagns. Kveðst mætti annars vegar hafa gefið þeim drengskaparloforð þar um en hins vegar óttast hugsanlegar hefndaraðgerðir af þeirra hálfu.

| | |
|---|---|
| | Upplesið, staðfest rétt bókað. |
| Finnur Torfi Stefánsson. | Ásgeir Ebeneser. |
| Vottað: | Vék frá kl. ol.lo og í |
| Arnar Guðmundsson. | biðherbergi. |

Að gögnum og framburðum virtum ákvað dómari kl. ol.45 að gæslufanginn skyldi laus úr haldi þar eð ekki teldist lengur næg nauðsyn í þágu rannsóknar að vistun hans yrði lengri.

Mætta var hins vegar tjáð, að honum væri fyrst um sinn óheimil för úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur án vilja og vitundar dómara.

Finnur Torfi Stefánsson. Upplesið, staðfest.

Vottað: Ásgeir Ebeneser.

Arnar Guðmundsson. Dómþingi slitið.

Ásgeir Friðjónsson.

Ár 1976, miðvikudaginn 31. marz var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Rvík. af Arnari Guðmundssyni við undirritaða votta.

Fyrir var tekið:
Framlagning dómskjala í rannsókn á meintu fíkniefnamisferli Guðjóns Skarphéðinssonar o.fl.

Skjöl málsins nr. 1-23 incl. eru til staðar.

Dómari leggur fram og þingmerkir svo:

Nr. 24: Lögr. skýrslu, dags. 18/12´75, nr. A-11661/75.

Nr. 25: Lögr. skýrslu, dags. 7/1´76, nr. A-267/76.

Nr. 26: Ljósrit af reikn. frá Hjólbarðaviðgerðinni, Múla við Suðurlandsbr., umfelgun á bifr. R-45248.

Nr. 27: Lögr. skýrsla, dags. 29/1´76, kl. 15.35, nr. A-744/76.

Nr. 28 d/1-d/4: Lögr. skýrsla og gögn vegna gjaldeyrisumsóknar Ásgeirs E. Þ.

Nr. 29 d/1-d/2: Lögr. skýrsla og fylgiskjal vegna áb. send. til Ásgeirs E. Þ.

Nr. 3o d/l-d/2: Ljósrit af bréfi Jóns Thors f.h. ráðuneytis, vegna fyrirspurnar frá Amsterdam.

Nr. 31,32 d/l-d/2, 33 d/l-d/2 og 34 d/l-d/2: gögn varðandi sakbendingu eftir myndum.

Nr. 35: Matsgerð 217 vegna sýnis 129 a.

Nr. 36: Reikn. vegna matsg. 217.

Nr. 37: Matsgerð 218 vegna sýnis 129 b.

Nr. 38: Reikn. vegna matsg. 218.

Nr. 39: Ljósrit fjögurra yfirlitsblaða af ávr. 8155 við Landsbanka Ísl., Vegamótaútibú. Eigandi reikn., Ásgeir E. Þórðarson afhenti yfirlit samkvæmt beiðni.

Skjölin fylgja.

Verða gögn málsins í frumriti nú send ríkissaksóknara til umsagnar en þó áfram unnið að rannsókn þeirra þátta málsins sem ekki liggja ljósir fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir.

Vottað: Dómþingi slitið.

Ásgeir Friðjónsson. Arnar Guðmundsson.

Rétt endurrit staðfestir:

Skrifstofu sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

Reykjavík 31. marz 1976.

Arnar Guðmundsson

/s ............ þann ............ 46

Farmskr. nr. ............ Dagbók bls. ............

Dskj. 1. Lagt fram í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 13/12 1975. Arnarsdottir.

# Tollgæzlan

## Skýrsla

Föstu- daginn 12.12. 1975

[..]n:

kom til landsins m/s Reykjafoss frá Antwerpen með viðkomu í Færeyjum. Með skipinu kom bifreiðin R 45248, sem er af Citoem gerð, framleiðsluár 1967. Innflytjandi bifreiðarinnar og eigandi er Guðjón Skarphéðinsson, Ásvallagötu 46, Reykjavík.

Við tollleit í bifreiðinni fannst um 3.750 kg. af hassis, sem falið var aðallega í "sílsum" hægra megin svo og inni í vinstri framhurð og farangursgeymslu. Af þessu heildarmagni var um það bil 2,550 kg. ljóst hassis og 1.200 kg. dökkt.

Afgreiðsla:

Leit í bifreiðinni framkvæmdu eftirtaldir tollverðir auk undirritaðs: Ólafur Sigurjósson, Gunnar Sæmundsson, Árni Elísson og Þorgeir Runólfsson. Þorsteinn Steingrímsson lögreglumaður, tók einnig þátt í leitinni með leitarhundi, eftir að smávegis af hassinu hafði fundist.

Allt hassmagnið var sett í þrjá plastpoka, sem hver um sig var innsiglaður með innsiglistöng nr. 22

Eigandi bifreiðarinnar kom til þess að vitja hennar um kl. 5.45 og sótti lögreglan hann til yfirheyrslu.

Bifreiðin var flutt á bílaverkstæði lögreglunnar að Síðumúla 20. Ætla starfsmenn fíkniefnadeildar lögreglunnar að leita þar frekar í bifreiðinni.
Þetta tilkynnist yður hér með herra tollgæslustjóri. – [signature]

TOLLGÆZLAN Vöruskoðun 12 DEC 1975 Reykjavík

*Kærubók nr.* .................... 197 ....................

*Nr.* 2. *Lagt fram í sakadómi*

*Sakad.o nr* .................... *bls.* ....................

~~Reykjavíkur~~ 13/12 197 5.

Arnar Guðm.

# Lögreglan í Reykjavík

47

# Skýrsla

Föstu- daginn 12/12 1975 Kl.17:45

*Um* flutning á manni frá faxaskála, geymslu og fl.

óskaði tollgæslustjóri, Kristinn Ólafsson, í samráði við fíkniefnalögregluna, eftir því að lögreglan færi að Faxaskála eimskipafélags Ísl, við Reykjavíkurhöfn til aðstoðar.

Undirritaður fór á staðinn ásamt lögregluþj. nr.96. Er á staðinn kom hittum við fyrir tollgæslustjóra, Kristinn Ólafsson, auk nokkura annara tollvarða. Tjáði tollgæslustjóri okkur að þeir hefðu hjá sér mann sem sem þeir töldu að væri að flytja inn í landið ólögleg efni í bifreið sinni.

Fluttum við mann þennan á aðalstöð lögreglunnar þar sem hann var fluttur fyrir Þorstein Jónsson, ~~lögr~~ lögregluþjón. Óskaði Þorsteinn eftir því að nefndur maður yrði fluttur fyrir varðstjóra fangageymslu, sem og var gert.

Fluttum við mann þennan fyrir Sveinbjörn Bjarnason, varðstjóra. Aðspurður af varðstjóra kvaðst maður þessi heita Guðjón Skarphéðinsson, Grettisgötu 31, f.19/6 '43. Kvaðst Guðjón aðspurður ekki kannast við neitt það er hann var tekinn fyrir.

Að boði varðstjora var Guðjón fluttur í fangageymslu lögreglunnar, þar sem hann var látinn í klefa 14. Meðferðis hafði hann 77.214kr. auk nokkura persónulegra muna.

*Afgreiðsla:*

Þetta tilkynnist yður hér með, herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst,

Þórður Hilmarsson

Þórður Hilmarsson,
lögregluþj. nr. 160

Lögreglustjórinn Reykjavík

*Kæruskrá* 17

*nr.* 11378/75

Dskj. 3. Lagt fram í dómi
13/12 1975.



Ég undirriatður Guðjón Skarphéðinsson, til heimilis að Grettisgötu 31 A, hér í borg leyfi hér með, að undirritaðir lögreglumenn, Gísli Pálsson og Snorri Sigurjónsson framkvæmi húsleit á heimili mínu, sem að framan er greint í þágu fíkniefnamáls þess, sem ég er nú bendlaður við.

Staðfest kl. 23:30

Guðjón Skarphéðinsson

Reykjavík. 12. des. 1975

Gísli Pálsson

Snorri Sigurjónsson

VOTTUR:

Þorsteinn J. Jónsson

*Kærubók nr.* ............ 197 ............ *Nr.* 4. *Lagt fram í sakadómi*

*Sakad.o nr* ............ *bls.* ............ ~~Reykjavíkur~~ 13/12 197 5.

Arna Sutur.

# Lögreglan í Reykjavík

49

# Skýrsla

Föstu *daginn* 12. 12. 197 75 kl: 21:oo

*Um* Framburð Guðjóns Skarphéðinssonar.

mætir til yfirheyrslu á lögreglustöðinni að Hverfisgötu 113, Guðjón Skarphéðinsson f. 19. 6. 1943 að Marðarnúpi í Vatnsdal í Austur-Hún., til heimilis að Grettisgötu 31, nafnnr. 2930=7458.

Guðjón var handtekinn síðdegis í dag og færður í geymslu lögreglunnar samanber skýrslu þar um og var honum þá tilkynnt um ástæðu fyrir handtökunni og nú enn ítrekað kunngert um að hann sé grunaður um fíkniefnamisferli.

Gætt er ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og skýrir mætti svo frá áminntur um sannsögli:

Það var þann 23. ágúst í sumar að ég lagði upp í ferð með ferjunni Smyrli frá Seyðisfirði. Með mér í þessari ferð var kona mín Guðrún Unnur Ægisdóttir og dóttir okkar 8 ára. Upphaflega var þessi ferð hugsuð sem skemmtiferð og jafnframt til þess að athuga möguleika á atvinnu með það fyrir augum að setjast að erlendis ef við fyndum eitthvað við okkar hæfi.

Samferða okkur á ferjunni var piltur sem heitir Sævar Ciesielski, sem ég fyrst kynntist fyrir nokkrum árum, þegar ég kenndi honum í skóla og hefi svo hitt hann af og til á götu hér eins og gengur og gerist og ekki vissi ég að hann ætlaði með ferjunni í þessari ferð.

Sævar hafði farið fram á það við mig að ég geymdi fyrir sig tösku sem hann hafði meðferðis, og fékk hann að geyma hana í farangursgeymslu bifreiðar minnar, sem ég hafði með mér og er R- 45248 af citroengerð árgerð 1967. Þegar við komum til Bergen að ég held þann 28. ág. fór Sævar fram á það við mig að hann fengi að verða okkur samferða eitthvað áleiðis, en fyrsti áfangastaður okkar var Ósló, en þangað fórum við sama daginn og við komum út. Frá Ósló fórum við til Gautaborgar og fékk Sævar einnig að verða okkur samferða þangað.

*Afgreiðsla:*

Lögreglustjórinn Reykjavík

*Kæruskrá* 17

*nr.* 11379/75

Þegar til Gautaborgar kom skildu leiðir okkar Sævars og held ég að hann hafi ætlað að fara til Kaupmannahafnar.

Við munum hafa dvalið í Gautaborg 5 eða 6 daga hjá kunningjum okkar en héldum síðan ferðinni áfram suður á bóginn með viðkomu í Kaupmannahöfn í nokkra daga.

Áfram héldum við og ókum um Þýzkaland, Belgíu, Holland og Frakkland og dvöldum á nokkrum stöðum í hverju landi, nokkra daga í senn. Kona mín og dóttir voru með mér þangað til um mánaðamót sept-okt að þær fóru heim, en þá vorum við í París og fóru þær með járnbrautarlest til Luxemburg, en flugu þaðan heim með Loftleiðum samdægurs.

Sjálfur kom ég svo heim þann 26. nóv. s.l. frá Amsterdam með viðkomu í Kaupmannahöfn, skipti aðeins um flugvél í Kaupmannahöfn.

Eftir að kona mín fór heim fór ég um suður Frakkland og vann þar meðal annars um tíma á sveitabæ. Ég hafði sent konu minni bréf og gefið henni þar upp heimilisfang, til þess að hægt væri að senda mér póst, en það var í Aix en Provence, en það er nokkuð stór borg og þar eru um 20 Íslendingar við nám og hjá einum þeirra var það heimilisfang sem áður segir. Það mun svo hafa verið um miðjan nóvember að ég kom að vitja pósts og þá var þar meðal annars símskeyti frá Sævari Ciesielski, sem var nokkurra daga gamalt og í skeytinu stóð " Hringdu Collect 43848 Sævar ". Ég mun hafa hringt í Sævar eftir 2-3 daga.

Þetta er ekki alveg rétt ég held að þetta muni hafa verið um viku fyrr sem ég fæ skeytið, eða jafnvel fyrr, minnir að það hafi verið fimmtudaginn 6. nóv.

Ég hringdi svo í Sævar og sagði hann mér þá að hann væri að hugleiða utanferð í sambandi við kvikmyndagerð og hvort hann mundi ekki geta hitt mig í Luxemburg um eða eftir helgina 15. eða 16 nóv. og taldi ég ekki neina annmarka á því. Sævar mun hafa verið búinn að tala við konu mína og hún sagt honum að ég væri farinn að hugleiða heimkomu á þessum tíma.

Mig minnir að ég kæmi til Luxemburg föstudaginn 14. nóv. og fluttist þar inn á Farfuglaheimili ( Youth Hostel ) og dvaldi þar á meðan ég var í Luxemburg. Það mun svo hafa verið annað hvort þriðjudaginn 18. nóv. eða miðvikudaginn 19. nóv. að Sævar kom til Luxemburg ásamt pilti sem kallaður er Geiri og á heima í húsi við Kirkjutorg í Reykjavík.

Við þrír fórum samdægurs til Lille í Belgíu, gistum þar um nóttina og fórum daginn eftir til Rotterdam, en þangað var ferð minni heitið til þess að koma bifreið minni í skip til Íslands. Það mun hafa verið fljótlega eftir að ég hitti strákana í Luxemburg að þeir fóru að ræða um að þeir ætluðu að kaupa " Efni " og lagði ég þann skilning í það að þeir ættu þar við cannabisefni, en ég gerði þeim það þá strax ljóst að þeir gerðu það án þess að ég kæmi þar nálægt. Næstu daga dvöldum við svo á Rotterdam, en tvisvar sinnum fórum við til Amsterdam, í fyrra skiptið

til að skemmta okkur og þá meðal annars hringdi ég heim til konu minnar til þess að biðja hana um að greiða fyrir mig flugfar heim.

Í seinna skiftið fórum við svo aftur til þess að athuga með flugfarið og það var sama daginn og við komum allir heim.

Í sambandi við áður nefnd " Efniskaup " get ég lítið sagt, annað en það að ég vissi að þau höfðu átt sér stað, ég vissi ekki um magn, en ég held að þeir hafi haft að minsta kosti 2000.oo gyllini hvor til þess að kaupa fyrir. Talsvert var um það rætt á hvern hátt reynt skyldi að koma þessu heim og varð það að síðustu samþykkt af minni hálfu að þeir mættu koma því fyrir í bifreið minni, en að það yrði algerlega á þeirra ábyrgð ef upp kæmist. Rætt var um ýmsa staði í bifreiðinni sem hægt væri að fela efnin, meðal annars í hjólbörðunum, en ég taldi það af og frá, þá ræddu þeir um að koma því fyrir í vélinni, en ég tók það ekki í mál að það yrði gert, vegna þess að ég taldi það ekki hægt. Ég veit að efninu var komið fyrir í bifreiðinni, en ég veit ekki á hvern hátt, né heldur hvar.

Við bifreiðina skyldi ég í Rotterdam í vörzlu umboðsmanns Eimskipafélagsins um morguninn þann. 26. nóv. eða sama dag og ég kom heim.

Þá vil ég fá að taka það fram að í fyrra skiptið sem við fórum til Amsterdam dvöldum við þar tvær nætur, heilan dag og dagpart og minnir mig það hafa verið um eða nálægt helgi.

Skýrslutöku lauk kl: 02:15

Skýrsluna gerði:
Þorsteinn J. Jónsson
lögregluþjónn

Upplesið staðfest:
Guðjón Skarphéðinsson

Vottur: Gísli Pálsson

*Kærubók nr.* .................. 197 ..................

*Sakad.o nr* ...X/... *bls.* 53

*Nr.* 5. *Lagt fram í sakadómi*

~~*Reykjavíkur*~~ 15/12 197 5.

Arnar Guðm.

52

# Lögreglan í Reykjavík

# Skýrsla

Föstu- *daginn* 12. des. *197* 5 um kl. 23:45

*Um* Húsleit að Grettisgötu 31 a, Rvík.

fór ég undirritaður ásamt lögregluþjóni nr. 94 að Grettisgötu 31a, hér á borg, þeirra erinda að framkvæma húsleit að heimili Guðjóns Skarphéðinssonar og konu hans Guðrúnar Unnar Ægisdóttur. Guðjón heimilaði fyrir sitt leyti húsleit og umbeðinn ritaði hann nafn sitt á plagg þar um. Guðrún Unnur heimilaði okkur einnig húsleit og var við leitina stödd.

Inni í íbúð þeirra hjóna fundum við skjalatösku er Guðrún Unnur kvað vera í eigu eiginmanns síns. Í töskunni voru ýmis skjöl og sendibréf, sendibréf merkt Guðjóni Skarphéðinssyni. Hald var lagt á töskuna og það sem í henni var. Ýmis gögn fundum við í skattholi er Guðrún Unnur kvað vera í eigu manns síns. Lögðum við hald á gögnin svo og gögn er við fundum í eldhúsi og rekja má til Guðjóns Skarphéðinssonar. Leit í íbúðinni og því er henni fylgir var mjög ítarleg og stóð yfir í um þrjár klukkustundir.

*Afgreiðsla:*

Þetta tilkynnist yður hér með,
herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst,

Gísli Pálsson

Gísli Pálsson,
lögregluþjónn nr. 139

**Lögreglustjórinn í Reykjavík**

*Kæruskrá* A

*nr.* 11442/75

*Kærubók nr.* ........ 197 ........ *Nr.* 6. *Lagt fram í sakadómi*

*Sakad.o nr* X *bls.* 53. ~~*Reykjavíkur*~~ 15/12 197 5. Árnessýslu.

# Lögreglan í Reykjavík

53

# Skýrsla

Föstu- *daginn* 12. des. *197* 5 um kl. 11:55

*Um* Leit að Ásgeiri E. Þórðarsyni o.fl.

var hafin leit að Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni, f. 15.8. 1950, til heimilis að Kirkjutorgi 6 eða Sigtúni 35 hér í borg. Ásgeir er grunaður stórfellt fíkniefnamisferli. Lögregluþjónar nr. 94 og 132 tóku þátt í leitinni ásamt undirrituðum og Þorsteini J. Jónssyni starfsmanni ÁFD.

Þrátt fyrir að víða hafi verið farið margir verið spurðir hefir [redacted] leit ekki borið árangur. Sunnudaginn 14. desember var mynd fest upp á vegg á lögreglustöðinni að Hverfisgötu 113, mynd af Ásgeiri Ebenezer, og þess óskað að lögreglumenn handtaki manninn verði þeir hans varir.

Þetta tilkynnist yður hér með,
herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst,

Gísli Pálsson

Gísli Pálsson,
lögregluþjónn nr. 139

*Afgreiðsla:*

Lögreglustjórinn
í Reykjavík

*Kæruskrá* A

*nr.* 11443/75

*Kærubók nr.* ............ 197 ............ *Nr.* 7. *Lagt fram í sakadómi*

*Sakad.o nr* X, *bls.* 53. ~~Reykjavíkur~~ 15/12 197 5.

Árnasýslu.

# Lögreglan í Reykjavík

54

# Skýrsla

Laugar - *daginn* 13. des. *197* 5 um kl. 12:00

*Um* Heimsókn séra Baldurs Vilhelmssonar í fangageymslu lögreglunnar að Hverfisgötu 113.

kom á lögreglustöðina séra Baldur Vilhelmsson prestur þeirra hjóna Guðrúnar Ægisdóttur og Guðjóns Skarphéðinssonar, en Guðjón er grunaður um fíkniefnamisferli. Séra Baldur óskaði eftir að fá viðtal við nefndan Guðjón, sem honum var og veitt. Ég undirritaður var viðstaddur spjall þeirra er stóð yfir í fáeinar mínútur.

Þetta tilkynnist yður hér með,
herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst,

Gísli Pálsson

Gísli Pálsson
lögregluþjónn nr. 139

*Afgreiðsla:*

**Lögreglustjórinn í Reykjavík**

*Kæruskrá* 17

*nr.* 11444/75

*Kærubók nr.* ................ 197 ................ *Nr.* 8. *Lagt fram í sakadómi*

*Sakad.o nr* X, *bls.* 53. ~~Reykjavíkur~~ 15/12 197 5.

Arnar Guðm.

# Lögreglan í Reykjavík

55

# Skýrsla

Mánu - *daginn* 15. des. *197* 5 kl. 09:30

*Um* Framburð Ásgeirs E. Þórðarsonar.

er mættur hjá fíkniefnadeild Ásgeir Ebenezer Þórðarson, fæddur í Reykjavík 15.8.1950, nafnnr. 0680-5094, til heimilis að Kirkjutorgi 6, Rvík. Ásgeir er hér mættur samkvæmt boðun, grunaður um fíkniefnamisferli. Gætt er ákvæða 1.mgr. 40.gr. laga um meðferð opinberra mála, áminntur um sannsögli skýrir mætti svo frá: Ég neita að tjá mig sjálfstætt um hugsanlega aðild mína að fíkniefnamisferli tel rétt að mér verði gert ljóst hvaða mál er hér um að ræða.

Skýrslutöku lauk kl. 09:45

Upplesið staðfest

Ásgeir Ebenezer

Skýrsluna gerði
Gísli Pálsson,
lögreglubjónn
Gísli Pálsson

Vottur
Kristinn Pedersen.

*Afgreiðsla:*

**Lögreglustjórinn í Reykjavík**

*Kæruskrá* 17

*nr.* 11446/75

Kærubók nr. 197 Nr. 9 Lagt fram í dómi

Sakad.b. nr. bls. dags. 15/12 1975

Arnar Guðm.

56

# Fíkniefnadómstóll, Reykjavík

## FRUMSKÝRSLA

Varðandi:
Leit í bifr. R. 45248, í Faxaskála.

Afgreiðsla:

Föstudagur 12. des. 1975.

Um kl. 17,oo gerði undirritaður, að beiðni tollgæslunnar í Reykjavík, leit að fíkniefnum í bifreiðinni R-45248, sem er Citroen fólksbifreið, þar sem húm stóð í vöruskemmu Eimskips H/F, Faxaskála, í Reykjavík.
Notaði ég við leitina hundinn Skugga, sem er sérþjálfaður í leit að cannabisefnum.
Var hundinum sleppt lausum í vöruskemmuni og fór hann þvínæst beint að umræddri bifreið og vísaði á að Cannabis mundi að líkindum vera í sils"(hurðargrind) bifreiðarinnar hægra megin,fyrir miðjum bíl.

Þegar gat var rofið á silsin kom í ljós að í honum voru ellefu og hálf plata af mosagrænu efni innpakkað í striga, um það bil 9x14x1,5 cm. að stærð, hver plata.
Hálfa platan var að auki innpökkuð í plast.
Plöturnar voru hver fyrir sig innpakkaðar í strigann.
Greinileg hasslykt var af umræddum plötum.
Einnig hafði hundurinn mikinn áhuga á hurð bifr. vinstra megin,en þar munu tollverðir hafa fundið þá skömmu áður eina samskonar plötu og lýst er hér að ofan, inni í hurðinni.

Umræddar plötur voru teknar í vörslu embættis tollgæslustjórans í Reykjavík.
Við þessa leit unnu nokkrir tollverðir, sem ég kann ekki nöfn á en vísa á skýrslu tollgæslunnar um þetta mál en þar munu þeir vera nafngreindir.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra dómari.

Virðingarfyllst,

Þorkell Steingrímsson

*Kærubók nr.* ............ 197 ............ *Nr.* 10. *Lagt fram í sakadómi*

*Sakad.o nr* I, *bls.* 72. ~~Reykjavíkur~~ 19/12 197 5.

Arnar Guðm.

# Lögreglan í Reykjavík

57

# Skýrsla

Mánu *daginn* 15. des. *197* 5

*Um* Tollskjöl varðandi bifr. R-45248

Í dag fór ég þess á leit við fulltrúa tollgæzlustjóra, Hr. Jón Grétar, hvort unnt væri að fá ljósrit tollskýrslna varðandi tollafgreiðslur bifreiðarinnar R-45248 frá því 23. 8. 1975 að hún var flutt af landinu með ferjunni Smyrli frá Seyðisfirði og þangað til bifreiðin kom aftur til landsins með m/s Reykjafossi frá Rotterdam s.l. föstudag þann 12, des s.l.

Þetta mál var auðsótt og fylgja hér með nefndar skýrslur.

Þetta tilkynnist yður hér með,
herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst,
Þorsteinn J. Jónsson
lögregluþjónn.

*Afgreiðsla:*

Lögreglustjórinn
Reykjavík
*Kæruskrá* 17
*nr.* 11452/75

**FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ**
# TOLLSTJÓRN

# AÐFLUTNINGS-SKÝRSLA

Ebl. 1

Innfærsla, númer eða dagsetning: a/1

Innflytjandi (firma): Guðjón Skarphéðinsson

Aðsetur: Hrallagötu 2/6

Sími:

Dagsetning skýrslu: 11/12 75

1 Fyrirtækisnúmer/nafnnúmer:

Afgreiðslunúmer:

2 Yfirlýsing vegna söluskatts: ☐ Vara til eigin nota ☐ Vara til endursölu ☐ Efnivara í söluvöru

Skírteinisnúmer:

Eru meðfylgjandi skjöl bankastimpluð? ☐ Já ☐ Nei — 16/12

Er krafist EFTA/EBE-tollmeðferðar? ☐ Já ☐ Nei ☐ Já, síðar

4 Flutningsfar: Reykjafoss

5 Komudagur:

6 Hleðslustaður: Rotterdam

Farmskrárnúmer: 110.

**58**

Komustaður til landsins: Rvík

Vörugeymsla:

Merki og númer á stykkjum (kollium): R-45248.

Stykkjatala og tegund umbúða: 1.

Brúttóþyngd í heilum kg: 1245

Framleiðsluland vöru: —

Innkaupsland vöru: —

Kaupskilmálar (t.d. fob Leith. Gjöf. endursending o.þ.h.):

Númer meðfylgjandi innflutningsleyfa:

| FYLGISKJÖL (Tala eintaka) | Fylgibréf | Vörureikningur | Flutningsgj.reikn. | 7 Önnur fylgiskjöl |
|---|---|---|---|---|
| | 2. | | | |

| 8 Mynt og gengi | 9 Fob-verð erl. mynt | 10 Fob-verð ísl. kr | 11 Flutningsgj. | 12 Vátr./kostn. | 13 Tollverð | 14 Tollverðsgengi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | |

| 15 Tollskrárnúmer | 16 Vörutegund | 17 Einingatala | 18 Nettóþyngd í heilum kg* | 19 Fob-verð í erlendri mynt* | 20 Fob-verð í ísl. krónum* | 21 Tollverð* | Tollur 22 taxti | Tollur 23 upphæð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fodlam bifr. | | | | | | | |
| | 24 Samtals | | | | | | | |

Undirskrift (staðfesting innflytjanda, að skýrsla sé rétt og gildir jafnframt sem undirskrift undir yfirlýsingu á bakhlið 4. eintaks)

*Nettóþyngd í dálki 18, fob-verð í dálki 19 og 20 og tollverð í dálki 21 skal allt sundurgreint á hvert einstakt tollskrárnúmer, sem fyrir kemur í vörusendingunni.

Tollmerking | Yfirfarin | 25

Innflutningsleyfi áritað | 25

Í vöruskoðun | 25

Úr vöruskoðun

Varan skoðuð: ☐ Já ☐ Nei

Úrtaksskoðun gerð: ☐ Já ☐ Nei

Útreiknað/endurreiknað

26 Söluggjald 22%

Samanburður vara og tollskjala: ☐ Já ☐ Nei

Tegund og magn í samræmi við skjöl: ☐ Já ☐ Nei

Tollflokkun: ☐ Rétt ☐ Röng

Áritun tollskoðunarmanns

GJÖLD ALLS

Athugasemdir:
aftur til landsins
út með Smyrli 23/8 75
frá Seyðisfirði

Kvittun

Tölustafur við texta í reitum og dálkum vísar til fyrirmæla um útfyllinu á bakhlið 4. eintaks. Svara skal sérhverju atriði sem spurt er um. Setja skal strik — eða neitun í þá reiti sem ekki eiga við. Hafið fyrirmælin fyrir framan yður er þér gerið skýrsluna og gætið þess að fylgja þeim nákvæmlega. Vönduð skýrsla flýtir afgreiðslu.

Reitir afmarkaðir með feitu striki útfyllast af tollstarfsmönnum

10000 Gutenberg

d/2 **59** 20

TOLLYFIRLYSING BIFREIÐAR VIÐ BROTTFÖR FRÁ ~~[illegible]~~ Seyðisfirði DAGS 23-8-75

SKRÁSETNINGARNÚMER 45248

NAFN EIGANDA Guðbjörn Strandberg Sigurðsson.

LÖGHEIMILI Ásvallagötu 46

TEGUND OG ÁRGERÐ Citroën 1967

FÓLKSBIFREIÐ [X] SENDIFERÐABIFREIÐ [ ] VÖRUBIFREIÐ [ ]

VERKSMIÐJUNÚMER 2959692.

VÉLARNÚMER 2959692

EIGIN ÞYNGD BIFREIÐAR 1245.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| HÚSVAGN | [ ] | JÁ | [X] | NEI | TJALDVAGN | [ ] JÁ | [X] | NEI |
| FARANGURSKERRA | [ ] | JÁ | [X] | NEI | ÚTVARP | [X] JÁ | [ ] | NEI |
| SEGULBANDSTÆKI | [X] | JÁ | [ ] | NEI | | | | |

ANNAÐ FYLGIFÉ ______

UNDIRSKRIFT Guðbjörn Strandberg Sigurðsson NAFNNR. 2930-7155

a/3 **60**

**TOLLGÆSLAN**

| | |
|---|---|
| *Innfærslunr.* | |
| | *Skrásetningarnr.* R 45 245 |
| *Nafn eiganda* GUÐJÓN SKARPHÉÐINSSON | |
| *Heimili* HÁVALLAGÖTU 46 | *Sími* |
| *Tegund:* CITROEN 1967 | |
| *Fólks-/Vöru-* *Verksm.nr.* 2959692 | *Innfl.skip:* |
| *Vélarnr.* — | |
| *Eigin þyngd bifreiðar kg:* 1245 | *B/L* |
| *Vátryggingarfélag:* | *Útfl.skip:* Smyrill 26/8 75 |
| *Skírt. nr.* | |
| *Stimplað:* | Seyðisfj *B/L* 0 |
| *Dvalarleyfi til:* | *Tollafgr.nr.* |

ÚTVARP – SEGULBAND

6752000

**BILL OF LADING** B/L No. [illegible]

Shipper

GUDJON SKARPHEDINSSON.
[illegible]
[illegible]

Reference No. Ø/4 **61**

Consigned to order of

GUDJON SKARPHEDINSSON,
GRETTISGATA 31 A, REYKJAVIK.

**H/F EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS**
(THE ICELAND STEAMSHIP CO. LTD.)
Telegrams: Eimskip – Telex: 2022
Reykjavik – Iceland

Notify address

| Pre-carriage by* | Place of receipt by pre-carrier* |
|---|---|
| Vessel: REYKJAFOSS | Port of loading: ROTTERDAM |
| Port of discharge: [illegible] | Place of delivery by on-carrier* |

| Marks and Nos. | Number and kind of packages; description of goods | Gross weight | Measurement |
|---|---|---|---|
| [illegible] | 1 Unpacked USED CITROEN ID19 1967 | [illegible] | [illegible] |
| | DENTED AND SCRATCHED ALL OVER. | | |

Particulars above declared by shipper

| Freight | D.fls. | Icel. kr. |
|---|---|---|
| 12,768 @ 57 | 728 | 46.425,- |
| Total | | |
| Local freight | | |
| Transshipment expenses: | | 5.184 |
| Disbursements: | | |
| Handling charges | | |
| Harbour dues | | 896 |
| Total | | |

SHIPPED on board the above vessel, at the above port of loading, in apparent good order and condition unless otherwise stated and are to be discharged at the aforesaid port of discharge or so near thereto as the vessel may safely get and be always afloat. Freight to be paid in cash without discount. Freight prepaid or payable at destination, to be considered as earned upon shipment, vessel and/or cargo lost or not lost.
Weight, measure, marks, numbers, quality, contents and value if mentioned in the Bill of Lading are to be considered unknown unless the contrary has been expressly acknowledged and agreed to. The signing of this Bill of Lading is not to be considered as such an agreement. In accepting this Bill of Lading the Shipper expressly accepts and agrees to all its stipulations, exceptions and conditions whether written, printed, stamped or otherwise incorporated as fully as if they were all signed by the Shipper. One of the Bills of Lading must be surrendered duly endorsed in exchange for the goods or delivery order. IN WITNESS whereof the Master or the Agent of the said vessel has signed the number of original Bills of Lading stated below all of this tenor and date, one of which being accomplished the others to be void.

Freight DESTINATION

Place and date of issue: ROTTERDAM – 4 dec. 1975

Number of original Bs/L: two/2

Signed (for the master) by:

Jón B. Árnason
[illegible] REYKJAVIK ICELAND

COPY
not negotiable

ICS B/L Jan. 72

* Applicable only when document used as a Through Bill of Lading

continued on reverse side

Shipper

GUDJON SKARPHEDINSSON.

BILL OF LADING

B/L No. 110

Reference No. 62

Consigned to order of

GUDJON SKARPHEDINSSON,
GRETTISGATA 31 A, REYKJAVIK.

**H/F EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS**
(THE ICELAND STEAMSHIP CO. LTD.)
Telegrams: Eimskip – Telex: 2022
Reykjavik – Iceland

Notify address

Pre-carriage by* | Place of receipt by pre-carrier*

Vessel REYKJAFOSS | Port of loading ROTTERDAM

Port of discharge REYKJAVIK | Place of delivery by on-carrier*

| Marks and Nos. | Number and kind of packages; description of goods | Gross weight | Measurement |
|---|---|---|---|
| LICENSE R 45248 | 1 unpacked USED CITROEN ID19 1967 | 1350 | 12,768 |
| | DENTED AND SCRATCHED ALL OVER. | | |

Particulars above declared by shipper

| Freight | D.fls. | Icel. kr. |
|---|---|---|
| | | |
| Total | | |
| Local freight | | |
| Transshipment expenses: | | |
| Disbursements: | | |
| Handling charges | | |
| Harbour dues | | |
| Total | | |

SHIPPED on board the above vessel, at the above port of loading, in apparent good order and condition unless otherwise stated and are to be discharged at the aforesaid port of discharge or so near thereto as the vessel may safely get and be always afloat. Freight to be paid in cash without discount. Freight prepaid or payable at destination, to be considered as earned upon shipment, vessel and/or cargo lost or not lost.
Weight, measure, marks, numbers, quality, contents and value if mentioned in the Bill of Lading are to be considered unknown unless the contrary has been expressly acknowledged and agreed to. The signing of this Bill of Lading is not to be considered as such an agreement. In accepting this Bill of Lading the Shipper expressly accepts and agrees to all its stipulations, exceptions and conditions whether written, printed, stamped or otherwise incorporated as fully as if they were all signed by the Shipper. One of the Bills of Lading must be surrendered duly endorsed in exchange for the goods or delivery order. IN WITNESS whereof the Master or the Agent of the said vessel has signed the number of original Bills of Lading stated below all of this tenor and date, one of which being accomplished the others to be void.

Freight DESTINATION | Place and date of issue ROTTERDAM 4 dec. 1975

Number of original Bs/L TWO/2 | Signed (for the master) by:

COPY
not negotiable

ICS B/L

* Applicable only when document used as a Through Bill of Lading

continued on reverse side

GUDSON SKARPHEDIMSSON,
GRETTISGATA 31 A,
REYKJAVIK.

**MEYER & CO'S SCHEEPVAART MIJ B.V.**

Telefoon: (010)117580
Telex: 21188
P.O.B: 776
Postgiro: 49540

Amro Bank N.V. Rotterdam
Dresdner Bank A.G. Hamburg

ROTTERDAM

64 en

d/6

Bankgiro Nr. 42.15.73.007

| | |
|---|---|
| YOUR REF. : | |
| ROTTERDAM : | 4.12.1975 |
| B/L NR. 110 | ACCOUNT NUMBER 610693 |
| M.V. (LOCAL) | FROM LOCAL PORT |
| M.V. (OCEAN) REYKJAFOSS | PORT OF LOADING ROTTERDAM. |
| PORT OF DISCHARGE REYKJAVIK | FINAL DESTINATION |

| MARKS AND NUMBERS | NUMBER OF PACKAGES / DESCRIPTION OF GOODS | GROSSWEIGHT |
|---|---|---|
| LICENSE R 45248 | 1 unpacked USED CITROEN ID19 1967 | 1350 |

| 2t FREIGHT OVER: | RATE | LESS % | SURCH. % | | |
|---|---|---|---|---|---|
| LOADING EXPENSES M/M. | | | | | HF 53.70 |
| MAKING OUT 1 SET B/L- GOODS RECEIPT | | | | | HF 12.50 |
| POSTAGE ETC. | | | | | HF 9.30 |
| ATTENDANCE,ETC. | | | | | HF 1.50 |
| | | | | | HF 77.00 |
| WHICH AMOUNT WE TOOK THE LIBERTY TO CHARBE FORWARD PER B/L. | | | | | |

Enclosed / Bijgaand / Eingeschlossen 1/2 original + 1 copy Bs/L.
Per ship's box to consignee: 1/2 + 1 copy

O/B "O" % TARIEF

S.E. & O.

All our activities are subject to the conditions of Rotterdam Shipbrokers (Rotterdamse Cargadoors Condities), filed with the Registry of the Rotterdam County Court on 2nd January 1973.

**Fasteignasalan**
**Laugavegi 18a**
**sími 17374**

Reykjavík, 16. des. 1975.

Undirritaður staðfesti að ég greiddi, samkvæmt tilmælum Guðrúnar Ægisdóttur, þann lo. 12. Guðjóni Skartphéðinssyni kr. 100.000,oo - eitt hundrað þúsund krónur- með ávísun á Útvegsbanka Íslands, Kópavogi, áv.nr, 62821 á hlaupareikning nr. 326, sem er á nafni undirritaðs.

Upphæð þessi er afgangur af húsnæðismálastjórnarláni sem var veitt 1. 9. 1975.

Guðrún hefir þegar kvittað fyrir heildarupphæðinni, en féð var í minni vörslu.

Þetta staðfestist hérmeð.

Sigurður Benediktsson

Sigurður Benediktsson

REYKJAVIK

a/2 66

G-fl. 9 nr. 13

[redacted]

*Grunnvísitala* [illegible]

*Undirrit*aður [redacted] Guðjón Skarphéðinsson,

Reykjavík.

GJÖRI KUNNUGT: að ég hefi í dag fengið íbúðalán hjá Byggingarsjóði ríkisins, Reykjavík, samkvæmt lögum nr. 30/1970, svo og 11. gr. laga nr. 13 frá 23. maí 1975.

KRÓNUR: 200.000,00 ----tvöhundruðþúsund--------

Ber mér að greiða 1% lántökugjald til Byggingarsjóðs ríkisins nú þegar.

Í vexti af láninu frá 1. þ. m. að telja greiði ég 6% á ári. Hækki almennir vextir í landinu, er Húsnæðismálastjórn, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, heimilt að hækka þessa vexti frá sama tíma, svo og dráttarvexti af láninu, í hlutfalli við slíka hækkun. Einnig er mér skylt að greiða tillag til rekstrarkostnaðar ¼% á ári.

Lánið lofa ég og skuldbind mig til að endurgreiða með jöfnum árgjöldum, vaxta, afborgana og nefnds tillags á 15 árum (árin 1976 – 1990) með kr. 20.930,00 árgjaldi í hvert sinn, sbr. þó ákvæði næstu málsgreinar á undan um hreyfanlega vexti.

Gjalddagi lánsins er 1.–15. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn í nóv. 1976.
[redacted]

Á hverjum gjalddaga árgjalds af láni þessu ber mér auk þess að greiða verðtryggingarálag sem hlutfallslega viðbót við árgjaldið, sem svarar 4/10 – fjórum tíundu – þeirrar hækkunar, er hverju sinni kann að hafa orðið á gildandi vísitölu byggingarkostnaðar frá lántökutíma til hvers gjalddaga árgjalds eða greiðsludags, dragist greiðsla fram yfir gjalddaga.

Hagstofa Íslands skráir vísitölu byggingarkosnaðar á grundvelli núgildandi laga um hana nr. 25 frá 24. apríl 1957, samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Ef breyting verður gerð á grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar, skal nefnd skipuð þremur mönnum ákveða, hvernig vísitala samkvæmt nýjum eða breyttum grundvelli skuli tengd núgildandi vísitölu byggingarkostnaðar. Seðlabankinn tilnefnir einn nefndarmann, Hæstiréttur annan, en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar. Skulu úrskurðir nefndarinnar vera fullnaðarúrskurðir.

Lánskjör, þ. m. t. vextir og verðtrygging, eru ákveðin samkvæmt 11. gr. laga nr. 13 frá 23. maí 1975 og nánari reglum, sem ríkisstjórnin kann að setja um lán þessi. Þau eru sett í samráði við Seðlabankann, sbr. ákvæði laga nr. 71 frá 6. maí 1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Aukaafborganir af láninu eru háðar sömu reglum um vísitölu.

Hafi ég eigi innan 1. des. næstan á eftir gjalddaga greitt Byggingarsjóði þá upphæð, er ég átti að ljúka, skal í dráttarvexti af nefndri upphæð greiða 1 af hundraði fyrir hvern mánuð, er greiðsla hefur dregist, og skal sá mánuður, sem komið er fram í, teljast sem heill. Dráttarvextir eru breytilegir í samræmi við ofanskráð ákvæði um vexti.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á láni þessu og öðrum gjöldum til Byggingarsjóðs eins og áður segir, sem og þeim kostnaði, er orsakast kann af vanskilum mínum, veðset ég hér með Byggingarsjóði ríkisins með 1 veðrétti:

Þriggja herbergja íbúð á jarðhæð í húseigninni nr. 46 við Ásvallagötu í Reykjavík, ásamt lóðarréttindum og tilheyrandi hlutdeild í sameign.
Byggingarsjóði eru kunnar kvaðir þær er á eigninni hvíla.

Hið ofangreinda er veðsett í því ástandi, sem það nú er í eða síðar kann að verða með hvers konar endurbótum og viðaukum, og eru hvers konar vátryggingarfjárhæðir veðsins innifaldar í veðsetningunni.

Greiði ég eigi gjöld mín til Byggingarsjóðs í ákveðinn tíma, hinu veðsetta verði eigi haldið vel við, vátryggingargjöld eða önnur skyldugjöld af hinu veðsetta eigi greidd í rétta tíð, er allt lánið gjaldfallið, án uppsagnar, og skal veðhafa þá heimilt að leita fullnustu í veðinu með sölu þess á nauðungaruppboði samkv. ákvæðum 39. gr. laga nr. 95 frá 1957 og lögum um nauðungaruppboð nr. 57 frá 1949, og má uppboðið á hinu veðsetta þá fara fram á skrifstofu uppboðshaldara, ef Byggingarsjóður óskar þess.

Til staðfestu framanskráðu er nafn mitt undirritað í votta viðurvist.

Reykjavík, 1. sept. 1975 19

Vitundarvottar:

ll/3

VEÐDEILD

Ums. nr. 2016

*Reykjavík,* 1/9 1975

Hr. Guðjón Skarphéðinsson, Reykjavík.

| Veðdeildarlán G fl. 9 nr. 130 | | Kr. | au. |
|---|---|---|---|
| Veitt lán ............ Kr. | | 200.000 | 00 |
| Keypt bréf .......... — | | | |
| Afhent í bréfum ...... — | | | |
| **Kostnaður:** | | | |
| Þinglestursgjald ....... Kr. | 1.175,00 | | |
| Stimpilgjald .......... — | 1.440,00 | | |
| Lántökugjald ........ — | 2.000,00 | | |
| Provision ............ — | 150,00 | | |
| Virðingarkostnaður .. — | 1.500,00 | 6.265 | 00 |
| Vextir afh. bréfa ...... — | | | |
| | Kr. | 193.735 | 00 |
| Vextir og varasjóðstillag frá 1. sept 19 75 til 1. nóv. 19 75 | | 2.083 | 00 |
| | Kr. | 191.652 | 00 |
| Gjalddagi 1. nóvember 19 76 | | | |
| Tilkynningar um gjalddaga eru ekki sendar. | | | |

872 • 4X2000 • ODDI HF.

*Kærubók nr.* .................. 197 ..................  *Nr.* 13. *Lagt fram í sakadómi*

*Sakad.o nr* X, *bls.* 88.  ~~Reykjavíkur~~ 18/12 197 5

Arnarsson.

# Lögreglan í Reykjavík

68

# Skýrsla

Mánu *daginn* 15. des. *197* 5

*Um* Leit í bifreiðinni R-45248 og síðan geymslu hennar.

Eins og fram hefur komið í skýrslu tollgæzlumanna og einnig í skýrslu Þorsteins Steingrímssonar rannsóknarlögregluþjóns, hefur farið fram umfangsmikil fíkniefnaleit í bifreiðinni R-45248 frá því s.l. föstudag, fyrst hjá tollvörðum og síðan þar sem bifreiðinni hafði verið komið fyrir á bifreiðaverkstæði lögreglunnar við Síðumúla.

Um kl. 18:oo þegar talið var að fullreynt þætti að ekki fyndust meiri fíkniefni í bifreiðinni, að minsta kosti þeirra efna sem mikið fer fyrir og auðvelt er að finna, var ákveðið í samráði við lögreglustjóra og tollgæzlustjóra að bifreiðin skyldi flutt í port lögreglustöðvarinnar, þar sem lögreglan gæti gefið henni gætur ef þera kynni að frekari leitar yrði þörf.

Var bifreiðinni því lagt,undir þaki bifreiðaskýlis lögreglustöðvarinnar, þar til aðrar ráðstafanir verða gerðar.

*Afgreiðsla:*

Þetta tilkynnist yður hér með,
herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst,
Þorsteinn J. Jónsson
lögregluþjónn.

Lögreglustjórinn
Reykjavík

*Kæruskrá* A

*nr.* 11460/75

Dskj. 14. Lagt fram í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum
18/12 1975 [signature]



16. desember 1975. WThM/GH

Hér með er yður, herra prófessor, sent sýni merkt 129 a, sem talið er vera cannabis.

Er vinsamlega óskað eftir rannsókn á greindu sýni og jafnframt að niðurstaða, álitsgerð og reikningur berist Ásgeiri Friðjónssyni, dómara í sakadómi um ávana- og fíkniefnamál.

Herra Þorkell Jóhannsson, prófessor,
Rannsóknarstofu í lyfjafræði
Háskóla Íslands
Reykjavík.

15.
18.2 75 Arnar Guðm.

16. desember 1975.  WThM/GH **70**

Hér með er yður, herra prófessor, sent sýni merkt 129 b, sem talið er vera pressað te.

Er vinsamlega óskað eftir rannsókn á greindu sýni og jafnframt að niðurstaða, álitsgerð og reikningur berist Ásgeiri Friðjónssyni, dómara í sakadómi í ávana- og fíkniefnamál.

Herra Þorkell Jóhannsson, prófessor,
Rannsóknarstofu í lyfjafræði,
Háskóla Íslands
Reykjavík.

*Kærubók nr.* .................. 197 ..................

*Nr.* 16 *Lagt fram í sakadómi*

*Sakad.o nr* x *bls.* 93

~~Reykjavíkur~~ 22/12 1975

Bragi Friðjónsson

# Lögreglan í Reykjavík

71

# Skýrsla

Föstu *daginn* 12. des. *197*5

*Um* Afsal á skaðlegu efni: " Cantaris Pulverate " fundið við l t í bifreiðinni R-45248.

er tollverðir framkvæmdu leit í bifreiðinni R-45248 við komu til landsins þann dag, fundu þeir meðal annars í farangri bifreiðarinnar glas með brúnu dufti og á glasinu stendur " Cantaris Pulverate " 15 g, og merkt Reykjavíkur Apóteki.

Undirritaður leitaði álits Jóns Ó. Eðwald lyfjafræðings, um það hvar hér væri um að ræða og sagði Jón mér að þetta efni væri svo nefnd mulin Spanskfluga og hefði fyrir mörgum áratugum verið notað sem kynörvandi lyf, en væri ekki lengur notað.

Jón sagði að lyfið valdi ertingu í þvagrás og að lítið magn af því geti valdið eitrun. Það veldur einkum bólgu og ertingu á húð þó aðallega slímhúð.

Þá fannst einnig í bifreiðinni pilluglas " Tryptizol " 25 mg og voru í glasinu 78 pillur, glasið er ekki merkt á nafn.

Þetta tilkynnist yður hér með,
herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst,
Þorsteinn J. Jónsson
lögregluþjónn

*Afgreiðsla:*

Undirritaður, eigandi og umráðamaður bifreiðarinnar, R-45248 afsala mér hér með öllu tilkalli til ofangreindra lyfja.

Guðjón Skarphéðinsson
Guðjón Skarphéðinsson

Vottar: Gísli Pálsson
Þorsteinn J. Jónsson

**Lögreglustjórinn**
**Reykjavík**

*Kæruskrá* A

*nr.* 11522/75

*Kærubók nr.* ........ 197 ........ *Nr.* 12 *Lagt fram í sakadómi*

*Sakad.o nr* X *bls.* 93 ~~Reykjavíkur~~ 22/12 1975

Birgir Þórðarson

# Lögreglan í Reykjavík

72

# Skýrsla

Þriðju *daginn* 16. des. *197* 5 kl. um 15:30

*Um* Heimsókn til gæslufanga.

kom Haraldur Blöndal lögfræðingur í fangelsið að Síðumúla til að heimsækja gæslufanga Guðjón Skarphéðinsson. Haraldur hafði þá skömmu áður haft símasamband við Arnar Guðmundsson, dómarafulltrúa, og óskað eftir viðtali við Guðjón.

Ég undirritaður var viðstaddur spjall þeirra Haraldar og Guðjóns er stóð yfir stutta stund.

Þetta tilkynnist yður hér með,
herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst,

Gísli Pálsson

Gísli Pálsson,
lögregluþjónn nr. 139

*Afgreiðsla:*

Lögreglustjórinn
í Reykjavík
*Kæruskrá* A
*nr.* 11499/75

Saks. X - 73

Dskj. 18 Lagt fram í sakadómi
í ávana- og fíkniefnamálum
22/12 1975 [signature]

73

ga
025
intlx+
2128 custom is
a
18250+ 103
17.54
18250 tede n
2128 custom is
reykjavik, 27.8. 1975.

kære haakon skaarer, tollkontrollkontoret.

med den færøske bilfærge, som kommer til bergen i morgen,
rejser bl. a. islændingene:
sævar marino ciesielski mikaelsson, født 6.7.1953, som har
været indblandet i mange hash-kriminalsager i island og hans
ven gudjon skarphedinsson, født 19.6.1943, som er mindre kendt
i denslags kreds, og skarphedinsson's hustru eller veninde
gudrun unnur ægisdottir, født 11.3.1944 samt hendes barn, 8
til 10 år gammelt. skarphedinsson medbringer sin citroen bil,
registreringsnummer r- 45248.
man tror at disse personer overvejer at anskaffe sig euforiserende
stoffer og medbringe tilbage til island.
er mugligt at man ved toldbehandlinge af disse passagerer i
bergen, ser særlig eftir, hvor meget af valuta de medbringer?
venligst svar pr. telex om resultat.

bedste hilsener.
kristinn olfsson

uk+
18250 tede n
2128 custom is

X - 93 74

Dskj. 19 Lagt fram í sakadómi
í ávana- og fíkniefnamálum
22/12 1975 [signature]

93
13.33
2128 custom isj
13.39
2128 custom is
10250 tede n

telex nr. 616. oslo 28.8.75.

herr kristin olfsson.
---------------------------------------
ref: din telex av i dag 28.8.75.

tollvesenet i bergen har undersøkt angjeldende personer med f
følgende resultat:
mikaelsson: 180.000 islandske kroner.
(oppga musikkdirektør som yrke)

skarphedinsson: 600 dm.

ægisdottir: 850 dm.

de ankom i citroen r 45?48 som forøvrig var i meget dårlig stand.
kun et barn var med i bilen. (jente 8 år)
personene skal til v-tyskland, skarphedinsson og æ gisdottir
på ferie, mikaelsson på forretningsreise.

reiserute fra bergen:
hønefoss - oslo - goteborg - københavn - v-tyskland.

ægisdottir oppga at hun ville returnere fra v-tyskland med fly
til island.

håper dette kan være til noen hjelp.
vennlig hilsen
oddvar sæther, tollkontrollkontoret
direktoratet for toll og særavgifter.
2128 custom is
10250 tede n++

TOLLGÆSLUSTJÓRI

X - 93

Dskj. 20 Lagt fram í sakadómi
í ávana- og fíkniefnamálum
22/12 1975 [signature]

75

Seðlabanki Íslands,
- gjaldeyriseftirlit -
Austurstræti 11,
Reykjavík.

KÓ/GÍ 29. ágúst 1975.

Eftirtaldir Íslendingar voru meðal farþega með færeysku bílferjunni Smyrli, er ferjan fór frá Seyðisfirði þann 23. ágúst sl. áleiðis til Bergen:

Sævar Marinó Ciesielski Mikaelssen,
f. 6.7. 1953, nafnnr. 8834-8869,
til heimilis að Grýtubakka 10, Reykjavík.

Guðjón Skarphéðinsson,
f. 19.6. 1943, nafnnr. 2930-7458,
til heimilis að Ásvallagötu 46, Reykjavík og

Guðrún Unnur Ægisdóttir,
f. 11.3. 1944, nafnnr. 3321-8052,
til heimilis að Ásvallagötu 46, Reykjavík,
svo og 8 ára dóttir Guðrúnar.

Bað ég norsku tollgæsluna að kanna við tollafgreiðslu þessa farþega í Bergen, er ferjan kæmi þangað þann 28. ágúst, hvað þeir hefðu af peningum meðferðis.

Svar norsku tollgæslunnar fylgir hér með í telexskeyti, frumrit.

Mál þetta sendist Seðlabankanum til þess að bankinn geti staðið að frekari málarekstri, ef honum þykir ástæða til.

Virðingarfyllst,

KÓ.

15.49
31152 justi nl
2224 isdom is

X - 93

Dskj. 21 Lagt fram í sakadómi
í ávana- og fíkniefnamálum
22/12 1975 [signature]

reykjavik, 16th december 1975.

76

this message is sent for the narcotic police in rotterdam, from the criminal court in narcotic cases , reykjavik :

an icelancic car, a citoen model 1967, registrationnumbers r - 45248, was freighted on the icelandic liner ' reykjafoss ' which arrived in reykjavik, iceland , on december 12th from rotterdam.

on arrival the customs officers found inside the car 2500 g of hashish, with the assistance of a drug detecting dog.

suspects state that the dealer of the drugs, who allegedly delivered the drugs on november 15th, is supposed to own or run a shop at st. mari strasse, rotterdam, selling magazines with an adjoining inner or lower room with furniture.

person supposed to be of age 25 - 30, rather heavy with rough middle blond hair.

he was supposed to start serving a term in prison depending older narcotic sentences.

ministry of justice, reykjavik:

2224 isdom is

31152 justi nlj+will you please sign that you have received the message?

i did receive the message thank you vey much+++

Kærubók nr. ........ 197 ........ Nr. 22 Lagt fram í sakadómi

Sakad.D nr X bls. 97 ~~Reykjavíkur~~ 22/12 1975

Þ. Friðjónsson

# Lögreglan í Reykjavík 77

# Skýrsla

Fimmtu daginn 18. des. 1975

Um Afhendingu skjala og gagna.

Samkvæmt skýrslu Gísla Pálssonar lögr.þj. br. 139 nr. A11442/75 var framkvæmd húsleit á heimili Guðjóns Skarphéðinssonar að Grettisgötu 31 a hér í borg, samkvæmt skjalfestu leyfi hans þar um.

Þarna var lagt hald á ýmis skjöl og bréf og einnig á skjalatösku, með skjölum, bréfum og öðrum persónulegum munum. Allt þetta var lagt fram í sakadómi í ávana og fíkniefnmálum, sem gögn vegna rannsóknar í í máli Guðjóns. Í dag hefir starfsmönnum fíkniefnadeildar lögreglunnar verið falið að afhenda Guðjóni framangreint, með þeim fyrirvara þó að allt verður yfirfarið í hans viðurvist og undir votta. Þá má einni geta þess að þarna eru einnig gögn sem fundust í bifreið hans og voru send fíkniefnadeildinni, voru það aðallega landabréf, og komu frá tollgæzlunni.

Afgreiðsla:

Þetta tilkynnist yður hér með
herra lögreglustjóri

Virðingarfyllst,
Þorsteinn J. Jónsson
Þorsteinn J. Jónsson
lögregluþjónn.

Undirrituðum hefir í dag verið afhent ofan greint og hefi ekkert við það að athuga, einnig viðurkenni ég móttöku á peningum þeim sem voru af mér teknir við handtöku þann 12. des. s.l. að upphæð kr. 77.214.oo.

Guðjón Skarphéðinsson
Guðjón Skarphéðinsson

Vottar: Gísli Pálsson

Lögreglustjórinn
Reykjavík
Kæruskrá A
nr. 11523/75

*Kærubók nr.* ............ 197 ............ *Nr.* 23 *Lagt fram í sakadómi*

*Sakad.o nr* ............ *bls.* ............ ~~Reykjavíkur~~ 22/12 1975

Þ. Friðjónsson

# Lögreglan í Reykjavík

# Skýrsla

SAKS. X - 94

78

Miðviku *daginn* 17. des. *197*5 kl. 23:05

*Um* Flutning á gæzlufanganum Ásgeiri E. Þórðarsyni.

var hringt í undirritaðann frá Fangelsinu við Síðumúla 28 og tilkynnt að einhver vandræði væru þar með gæzluvarðhaldsfangana Ásgeir E. Þórðarson og Sævar M. Ciesielski.

Ég fór á staðinn um kl. 23:30 og er ég kom þar hafði ég tal af fangavörðunum Erni Á. Sigurðssyni og Erlingi Þ. Guðmundssyni, sem tjáðu mér að nefndir fangar væru farnir að kallast á,á milli klefa og að ómögulegt væri fyrir starfsfólk fangelsisins að koma í veg fyrir það á annan hátt en að flytja fangana til, að minsta kosti annann þeirra. Fangarnir voru í klefum við sama gang, en sinn í hvorum enda.

Þar sem undirrituðum er kunnugt um að báðir þessir menn eru grunaðir um aðild að fíkniefnamáli sem nú er verið að rannsaka, ásamt fleiru og einnig það að þessir menn eiga ekki og mega ekki undir neinum kringumstæðum ná að tala saman, sá ég einnig þá hættu og að illt gæti af hlotist. Þar sem Ásgeir E. Þórðarson var úrskurðaður í gæzluvarðhald ~~af~~ hjá Sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum hringdi ég í Hr. Ásgeir Friðjónsson sakadómara og skýrði fyrir honum um framangreint ástand og fól hann mér að hafa milligöngu um að Ásgeir Þórðarson yrði fluttur í Hegningarhúsið að Skólavörðustíg 9, ef þar væri hægt að taka við honum í gæzlu. Hafði ég símasamband við Valdimar Guðmundsson yfirfangavörð og kvaðst hann geta veitt Ásgeiri viðtöku. Kl. 23:50 var Ásgeir E. Þórðarson fluttur frá Síðumúla 28 í lögreglubifreið.

*Afgreiðsla:*

Þetta tilkynnist yður hér með,
herra lögreglustjóri,

Virðingarfyllst,

Þorsteinn J. Jónsson
Þorsteinn J. Jónsson

lögregluþjónn.

**Lögreglustjórinn**
**Reykjavík**

*Kæruskrá* A
*nr.* 11549/75

*Kærubók nr.* ............ 197 ............ *Nr.* 24. *Lagt fram í sakadómi*

*Sakad.o nr* X, *bls.* 202 *Reykjavíkur* 34/3 1976.

Arnar Guðmundsson

# Lögreglan í Reykjavík 79

# Skýrsla

Fimmtu - *daginn* 18. des. *197* 5

*Um* Fyrirspurn fangavarða o.fl.

hafði símasamband við mig undirritaðan Gunnar Marinósson varðstjóri í fangelsinu að Síðumúla 28 hér í borg, til að spyrjast fyrir um, hvort Ásgeir Ebenezer Þórðarson gæslufangi mætti fá afnot af síma. Hafði Valdemar Guðmundsson yfirfangavörður í hengingarhúsinu að Skólavörðustíg 9, haft símasamband við Gunnar til að afla upplýsinga um það atriði.

Eftir að hafa haft samband við Arnar Guðmundsson, dómarafulltrúa hjá sakadómi í ávana-og fíkniefnamálum, og tjáð honum um samtal okkar Gunnars, hafði ég samband við Valdimar Guðmundsson, yfirfangavörð, og flutti honum skilaboð þar um, að sömu reglur giltu um Ásgeir Ebenezer sem og um aðra gæslufanga, enda hefði annað ekki verið tekið fram Ásgeir varðandi.

*Afgreiðsla:*

Þetta tilkynnist yður hér með,
herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst,

Gísli Pálsson
Gísli Pálsson,
lögregluþjónn nr. 139

**Lögreglustjórinn í Reykjavík**

*Kæruskrá* 17

*nr.* 11661/75

*Kærubók nr.* ........ 197 ........ *Nr.* 25. *Lagt fram í sakadómi*

*Sakad.o nr* X *bls.* 202 ~~Reykjavíkur~~ 3473 197 6 Annar Síðan.

# Lögreglan í Reykjavík

80

# Skýrsla

Miðviku *daginn* 7. jan. *197*6

*Um* Flutning á bifr. R-45248 úr geymslu hjá lögreglunni.

Eins og fram kom í skýrslu A-11460/75 frá 15. des. 1975, var bifreiðin R-45248 , sem notuð var við innflutning fíkniefna, eign Guðjóns Skarphéðinssonar Grettisgötu 31 b, flutt í port lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu til geymslu.

Í samráði við Ásgeir Friðjónsson sakadómara og Kristinn Ólafsson tollgæzlustjóra, var bifreiðin í dag kl. 16:00 dregin frá lögreglustöðinni að tollvöruskála Eimskipafélags Íslands við Höfnina og afhent þar tollvörðum og starfsmönnum E.Í.

Bifreiðin er ótollafgreidd og ekki ljóst ennþá hvað um hana verður og ræðst það væntanlega af kröfugerð ríkissaksóknara.

*Afgreiðsla:*

Þetta tilkynnist yður hér með,
herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst,
Þorsteinn J. Jónsson
lögregluþjónn.

**Lögreglustjórinn**
**í Reykjavík**

*Kæruskrá*

*nr.* A-267/76

Dskj. 26. lagt fram í sakadómi
í ávana- og fíkniefnamálum
30.3 1976. Arnar Guðm.

**81**

***HJÓLBARÐAVIÐGERÐIN***

MÚLA VIÐ SUÐURLANDSBRAUT - SÍMI 32960

REIKNINGUR

Lögreglan.i. Reykjavik. Ävana. &. fiknicfnadeild

| DAGSETN. | AN: | KRÓNUR |
|---|---|---|
| 1975 | | |
| 1975 | | |
| 31/12 | reikn.samkv.nótu | 1.500.00 |
| | | 1.500.00 |
| | GREITT | |

Nr. 56

Kærubók nr. ............ 197 ............ Nr. 27 Lagt fram í sakadómi

Sakad.o nr X / bls. 202 ~~Reykjavíkur~~ 3/2 3 197 6

Arnar Guðm.

# Lögreglan í Reykjavík

82

# Skýrsla

, Fimmtudaginn 29.jan. 1976 um kl. 15:35

*Um* Opnun á póstpakka merktum Titan-Films P.O. box 167.

fór ég undirritaður, að beiðni Ásgeirs Friðjónssonar sakadómara, í fangelsið að Síðumúla 28 hér í borg þeirra erinda að færa gæslufanganum Sævari Marinó Ciesielski póstpakka, er dómstólnum hafði borist frá starfsmönnum Bögglapóstsstofunnar í Reykjavík. Pakki sá er hér um ræðir er póstaður til Titan-Films, P.O. box 167, Kópavogur Iceland, en nefndur Sævar mun vera framkvæmdastjóra Titan-Films og fyrirtækið skráð fyrir nefndu pósthólfi. Til frekari glöggvunar á nefndum gæslufanga Sævari Marinó Ciesielski þá er þess að geta, að hann hefir marg-ítrekað verið viðriðinn stórfelld fíkniefnamisferli með meiru.

Ósk sakadómara í ávana-og fíkniefnamálum, Ásgeirs Friðjónssonar, var sú, að Sævar opnaði nefndan póstpakka með tilliti til þess að þar leyndust fíkniefni hugsanleg.

Eins og kunnugt er situr Sævar í gæsluvarðhaldi vegna máls er Sakadómur Reykjavíkur rannsakar undir stjórn ~~Arnars~~ Arnar Höskuldssonar aðalfulltrúa og Eggerts Bjarnasonar rannsóknarlögreglumanns. Hafði ég því samband og samráð við þá aðila. Örn Höskuldsson tók við nefndum póstpakka og bar inn í fangaklefa Sævars en ég undirritaður ásamt nefndum rannsóknarlögreglumanni fylgdum eftir. Kannaðist Sævar strax við umræddan póstpakka og kvað innihald hans vera filmur. Kvaðst Sævar hafa póstlaggt pakkann sjálfur, talið það betra, með tilliti til þess að hafi hann borið pakkann sjálfur til landsins hefðu tollskoðunarmenn án efa rifið hann upp og þar með skemmt innihaldið, filmurnar.

Sævar heimilaði að öðru leyti opnun á pakkanum og var svo gert, af Erni Höskuldssyni og Eggert Bjarnasyni

*Afgreiðsla:*

Lögreglustjórinn í Reykjavík

*Kæruskrá* 17

*nr.* 744/76

Frh:

Opnun á póstpakka merktum Titan-Films P.O. box 167

en að mér viðstöddum eins fram kemur. Innihaldið reyndist rétt vera, filmur í sýningarvél kvikmynda. Var um að ræða tvær spólur "óáteknar" ef marka má frásögn Sævars þar um. Lét hann og þess getið að slíkar filmur, eða öllu heldur filmuspólur, væru vel til þess fallnar, að brúka sem hirslu undir fíkniefni þar sem koma má filmu fyrir á spólunni eftir að fíkniefnum hefir verið komið þar fyrir. Slík viska sem þessi hefir vissulega áður komið frá gæslufanganum Sævari.

Nefndur póstpakki er geymdur hjá fíkniefnadeild lögreglunnar, merktur Sævari Marinó Ciesielski og á pakkann ritað - má afhenda. Sævari verður gert viðvart um geymslu pakkans, með milligöngu Gunnars Guðmundssonar yfirfangavarðar.

Þetta tilkynnist yður hér með,
herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst,

Gísli Pálsson
Gísli Pálsson,
lögregluþjónn nr. 132

*Kærubók nr.* ............ 197 ............ *Nr.* 28. *Lagt fram í sakadómi* 4

*Sakad.o nr* X, *bls.* 203. ~~Reykjavíkur~~ 3/3 197 6.

Arnar Sveinsson.

# Lögreglan í Reykjavík

84

# Skýrsla

Föstu - *daginn* 5. febr. *197* 6

| | |
|---|---|
| *Um* Öflun gagna varðandi gjaldeyris-viðskipti Ásgeirs. E. Þórðarsonar. | að beiðni sakadómara í ávana og fíkniefnamálum hafði ég undirritaður samband við Jósef Sigurðsson útubústjóra Landsbanka Íslands, Vegamótaútib., varðandi gjaldeyris-umsókn Ásgeirs E. Þórðarsonar, Kirkjustræti 6 hér í borg. Jósef Sigurðsson útvegaði mér ljósrit af umsókn Ásgeirs E. Þórðarsonar svo og ljósrit af ávísun þeirri er Ásgeir mun hafa fengið hjá bankanum.<br>Gögn þau er að ofan greinir fylgja skýrslu þessari. |

Þetta tilkynnist yður hér með,
herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst,

Gísli Pálsson

Gísli Pálsson,
lögregluþj.nr.132

*Afgreiðsla:*

Lögreglustjórinn
í Reykjavík

*Kæruskrá* ff

*nr.* 870/76

GJALDEYRISDEILD BANKANNA

85
d/2

NAFN: Ásgeir Ebenezer

Kirkjutorgi 6 Nafnnr. o68o - 5o94

Fær afgreiddan ferðagjaldeyri gegn

framvísun farseðils 14. nov. 1975

í Vegamotautibúi Landsbankans á Lauga -

vegi. I Tékka : Hfl. 496.-

Allgemeiner Bank Netherland nr. 74 369.

og í seðlum Hfl. 1oo. - //isl.37.9oo.-

( Skrifar fyrst a beiðnina óskast afgr.

í Lux. frönkum en strikar það út. )

Segist fara i viðskiftaferð fyrir

( ógreinilegt ) SENBER .

86 d/3

# 3 F GJALDEYRISUMSÓKN FERÐAKOSTNAÐUR

Leyfi nr. F -32384.

Undirrituð/aður óskar að kaupa eftirtalinn erlendan gjaldeyri af
☒ LANDSBANKA ÍSLANDS.
☐ ÚTVEGSBANKA ÍSLANDS.
☒ ÚTIBÚI (nafn þess eða stimpil.)

Ásgeir Ebenezer — 0680-5091
Nafn þess, sem greiðsluna á að fá (Skrifið greinilega)

Kirkjutorg 6. — 0680-5091
Heimilisfang — Nafnnúmer

| Tegund og upphæð gjaldeyris | Upphæð í ísl. kr. | Leyfisgjald | Aths. |
|---|---|---|---|
| ~~[illegible]~~ | 37.900 - | 379 - | ☐ L |
| Kr. 596 - | | | ☐ Ú |
| ÷100 | | | D. |

Greiðslufyrirkomulag: ☒ Tékki ☐ Ferðatékkar ☐ Símaávísun ☐ Bréfleg yfirf.

Land/lönd þau, sem greiðslan á að fara til: ........................

Óskast tilbúið til afgreiðslu þann ........................

Ferðin er: SKÝRINGAR:
☐ á eigin vegum ☒ í viðskiptaferð fyrir Sentec
☐ IT/hópferð á vegum ferðaskrifstofunnar
☐ með börn yngri en 12 ára
☐ ........................

Afgr. stimpill.

Hér með skuldbind ég mig til að hlíta í einu og öllu ákvæðum laga nr. 30. 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála svo og reglugerða og annarra fyrirmæla, sem út hafa verið gefin samkvæmt þeim, þar á meðal skuldbind ég mig til að leggja fyrir GJALDEYRISEFTIRLITIÐ tilskilin gögn fyrir yfirfærslunni, ennfremur að skila bankanum hinum keypta gjaldeyri, verði hann eigi notaður í samræmi við það sem yfirfærslan heimilar.

........................197........
Dagsetning

Ásgeir Ebenezer
Undirskrift umsækjanda.

Kirkjutorg 6 R
Heimilisfang. Sími.

Aðeins fyrir banka.

Afgreitt ........ 6338 -

Krónur ........ 31.435 -

LANDSBANKI ÍSLANDS ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS

LANDSBANKI ÍSLANDS
THE NATIONAL BANK OF ICELAND

REYKJAVÍK

NFL. 496.00 87

PAY AGAINST THIS CHEQUE TO ÁSGEIR EBENEZER

THE SUM LANDSBANKINN NFL 496=00

A № 74369

REYKJAVÍK, NOV. 14th 1975

ALGEMENE BANK NEDERLAND N.V.
32 VIJZELSTRAAT, AMSTERDAM

LANDSBANKI ÍSLANDS

88

LEGITIMATIE NR. PLAATS D.D. DOOR

PAS

RIJBEW. 25490 Ystand

UITBET.DOOR: [signature] (HANDT.)

410223***49600

*Kærubók nr.* .................. 197 ..................

*Sakad.o nr* X / ........ *bls.* 203.

*Nr.* 29. *Lagt fram í sakadómi* 24/

~~Reykjavíkur~~ 31/3 197 6

Arnar Guðmundsson

# Lögreglan í Reykjavík

89

# Skýrsla

Fimmtu *daginn* 1?. febr. *197* 6

*Um* Öflun gagna Ásgeir Ebenezer Þórðarson varðandi.

barst mér í hendur ljósritað blað úr færslubók pósthússins, þar sem getur að líta færslur ábirgðabréfa frá Íslandi erlendis til.

Á bréfi þessu, í línu nr. 2, getur að líta bókað bréf frá Reykjavík til Rotterdam, sendandi Halldór Bragason og viðtakandi Ásgeir Ebenezer Þórðarson.

Sakadómari í ávana og fíkniefnamálum hefir farið þess á leit við starfsmenn fíkniefnadeildar lögreglunnar að aflað yrði upplýsinga um bréf sent Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni í nóvember-mánuði 1975

Hið ljósritaða blað úr færslubók póststofnunarinnar fylgir skýrslu þessari.

*Afgreiðsla:*

Þetta tilkynnist yður hér með,
herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst,

Gísli Pálsson

Gísli Pálsson,
lögreglum.

**Lögreglustjórinn í Reykjavík**

*Kæruskrá* 17

*nr.* 1147/76

Nóv **mánuður** 1975

| Dagur | Áframhaldandi númer Á | Viðtakandi | Ákvörðunarstaður | Póstkrafa | Sendandi |
|---|---|---|---|---|---|
| 19 | 3961 | Júlíana Elín Kjartans | Borsum | ex | Eiríkur Örn Pálss |
| | 2 | Ásgeir Ebenezer Kjartans | Rotterdam | ex | Halldór Bragason |
| 20 | 3 | Magnús Ívarsson | Quinton | | Villa Einarsd. |
| | 4 | L. Wallendorf | Elgersburg | | N. W. |
| | 5 | M. A. H. de Barlet | Martinus Bergen | | |
| | 6 | — | — | | |
| | 7 | L. Wallendorf | Elgersburg | | |
| | 8 | Kristin Brickmann | København | | Anna Einarsdóttir |
| | 9 | Noémarja e lidat | Tirana | | H. Heiddal |
| | 3970 | Dan Kristur | Oslo | | H. R. Bjarnason |
| | 1 | Kristian mars | Edinburgh | | Lína Jónsdóttir |
| | 2 | Zomin Lindauer | Hamburg | | B. Sigurðsson |
| | [illegible] | [illegible] | — | | [illegible] |

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 6. janúar 1976.

30 d/1.

31.3 76. Arnar Sindri

JT/HF

91

./. Hér með sendir ráðuneytið yður, herra sakadómari, bréf Interpol La Haye, dags. 23. f.m., varðandi bifreiðina R-45248, þar sem óskað er eftir því að hinum grunuðu í ofangreindu máli

./. verði sýnd meðfylgjandi mynd af Thaddeus Van Der Leer og þeir inntir eftir því hvort þeir þekki hann sem sölumann fíkniefna.

Þá óskar lögreglan í Rotterdam eftir lögregluskýrslum varðandi mál þetta.

F. h. r.
e. u.

[signature]

Hr. Ásgeir Friðjónsson,
sakadómari,
sakadómi í ávana- og fíkni-
efnamálum, Hverfisgötu 113,
Reykjavík.

**DIRECTION DE LA POLICE**
**BUREAU INTERPOL**
47, Raamweg
LA HAYE
Tel. 070-614091
Telex: Directie pol gv
31.152

**MESSAGE POSTALISE**
**DISPATCH-LETTER** 30/12.
**KURZBRIEF**
**MENSAJE POSTAL CONDENSADO**

**92**

No. 6.221.5/2211

Date: [illegible] December 19[illegible]
Datum:
Fecha:

---

Destinataire :
To : Interpol Reykjavik
Empfänger :
Destinatario :

Copie à :
Copy to :
Kopie an :
Ampliación para :

---

Référence
Reference : Your telex No. 200/75 of 16.12.75 concerning a Citroen car
Bezug : bearing Icelandic registration number R-[illegible].
Referencia :

Texte :
Text :
Texto :

We are informing you that the address [illegible], Rotterdam refers to a shop selling, among other things, [illegible]. Behind this shop is a furnished lower room. Carrying on business and living there is the Dutch national [illegible] VAN DER [illegible], born [illegible] January 19[illegible] in Rotterdam, who has since 19[illegible] been known to [illegible] in drugs, mainly hashish. He fits the description given by you. Enclosed is a photograph of VAN DER [illegible] and it would be appreciated if you would have it shown to the known suspects in Reykjavik with a view to identifying the seller of the hashish and let us know the result.
At the same time it is requested, by the police of Rotterdam, that you send copies of the police reports regarding the interview of the suspects in Reykjavik. END.

Head of National Central Bureau.

DÓMS OG
KIRKJUMÁLA[illegible]

Innk.: 5 JAN 1976
Mál: Haag

Kærubók nr. ........ 197 ........ Nr. 31 Lagt fram í sakadómi

Sakad.o nr X bls. 203. ~~Reykjavíkur~~ 31/3 1976.

Arnarbúðir.

# Lögreglan í Reykjavík

93

# Skýrsla

Miðvikudaginn 11. febr. 1976.

Um Sakbendingu.

Að undanförnu hef ég undirritaður tekið til fyrirtöku þrjá menn, Ásgeir Ebenezer Þórðarson, Sævar Marino Ciesielski og Guðjón Skarphéðinsson, sem allir eru grunaðir um fíkniefnamisferli.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi framburðarskýrslum nr. 874/76, 964/76 og 1008/76, hafa ofangreindum aðilum verið sýndar myndir af fjórum mönnum, númeraðar, frá 1 til 4, og þeir spurðir hvort einn þeirra manna sé sölumaður hassefna í Hollandi. Allir hafa ofanskráðir bent á einn og sama manninn sem nefndan sölumann en þess ber að geta, að myndum þeirra fjögurra hefir ætíð verið víxlað og því engir tveir ofangreindir séð sömu niðurröðun myndanna.

Afgreiðsla:

Afrit sent dómsm.r. til framsendingar (utanríkisráðuneytis) og síðan til Hollands. 17/2 .76

Þetta tilkynnist yður hér með, herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst,

Gísli Pálsson

Gísli Pálsson,
lögreglum.

Lögreglustjórinn
í Reykjavík

Kæruskrá 17

nr. 1010/76

Kærubók nr. ............ 197 ............ Nr. 32 -41 Lagt fram í sakadómi

Sakad.o nr X / bls. 203 ~~Reykjavíkur~~ 3/3 1976

Arnar Guðm.

# Lögreglan í Reykjavík

94

# Skýrsla

Föstu - daginn 6. febr. 1976 kl. 15:00

*Um* Framburð Guðjóns Skarphéðinssonar.

er mættur hjá fíkniefnadeild lögreglunnar að Hverfisgötu 113, Guðjón Skarphéðinsson, f. 19.6.1943, til heimilis að Grettisgötu 31 B, Rvík. Guðjón er hér mættur samkvæmt boðun og honum gert kunnugt tilefni fyrirtöku, sem er að endurþekkja sölumann meintra hass-efna í Hollandi af myndum sem mætta eru nú sýndar. Er um að ræða fjórar ljósritaðar myndir á blaði að stærðinni A 4 og myndir númeraðar 1 til 4. Gætt er ákvæða 40.gr. 1.mgr. laga um meðferð opinberra mála, mætti alvarlega áminntur um sannsögli. Mætti kveðst þekkja mann á mynd númer 3, sem sölumann hassefnisins. Aðra þá er á nefndu blaði má sjá telur mætti sig ekki þekkja.

Fyrirtöku lauk kl. 15:20

Upplesið staðfest rétt

Guðjón Skarphéðinsson
Guðjón Skarphéðinsson

Skýrsluna gerði
Gísli Pálsson
lögregluþj. G. Pálsson

Vottur:
[signature]

*Afgreiðsla:*

Afrit sent dómsm.r. til þýðingar og to. send til Hollands
13/2 '76

Lögreglustjórinn í Reykjavík

*Kæruskrá* 17

*nr.* 874/76

dsly: 32, d/2



1.




2.




3.



4.



adej. 33, d/2.



1.




2.




3




4.



Kærubók nr. ............ 197 ............

Sakad.o nr ...7/..... bls. 203.

Nr. 34 a/ Lagt fram í sakadómi

~~Reykjavíkur~~ 31/3 197 6.

Annar Lindal

# Lögreglan í Reykjavík

98

# Skýrsla

Miðviku daginn 11. febr. 197 6 kl. 14:03

*Um* Framburð Sævars Marino Ciesielski.

er mættur til fyrirtöku gæslufanginn Sævar Marino Ciesielski, f. 6.7.1955, til heimilis að Grýtubakka 10 hér í borg. Fyrirtaka fer fram í fangelsinu að Síðumúla. Sævari Marino er kunngert um tilefni fyrirtöku, sem er að endurþekkja meintan sölumann hass-efna í Hollandi. Mætta eru sýndar fjórar ljósritaðar manna-myndir af blaði að stærðinni A 4, myndir númeraðar frá 1 til 4. Gætt er ákvæða 1.mgr. 40.gr. laga um meðferð opinberra mála og mætti alvarlega áminntur um sannsögli.

Mætti er að því spurður hvort sölumaður hass-efna í Hollandi sé einn þeirra fjögura manna, er mætta eru nú sýndar myndir af.

Mætti kveðst þekkja ~~XXXX~~ mann á mynd nr. 4, sem sölumann hassefna í Hollandi. Mætti kveðst jafnframt þekkja mann á mynd nr. 3, kveðst muna eftir honum, að hafa séð þann mann ásamt einhverjum Íslendingum í Hollandi Kveðst mætti telja það hafa verið um svipað leyti og viðskipti áttu sér stað við mann á mynd nr. 4

Fyrirtöku lauk kl. 14:10

Skýrsluna gerði Gísli Pálsson, lögreglum. G. Pálsson

Upplesið staðfest

Sævar M. Ciesielski

Vottað:

E. N. Bjarnason

Eggert N. Bjarnason

*Afgreiðsla:*

Afrit sent dómsrannsóknar og framsent til ... 8

13/2 76.

4

Lögreglustjórinn í Reykjavík

*Kæruskrá*

*nr.* A-1008/76

dsey 34, d/2

9

1.



2.




3




4.



RANNSÓKNASTOFA Í LYFJAFRÆÐI - DEPARTMENT OF PHARMACOLOGY
HÁSKÓLI ÍSLANDS UNIVERSITY OF ICELAND

P.O. BOX 884
REYKJAVÍK, ICELAND

35

31 3 76 Anna Guðm

Reykjavík, 19.12.1975.

Ávana- og fíknilyf og efni - Matsgerð nr. 217:

Rannsóknastofunni hefur borist sýni nr.129a frá lögreglustjóranum í Reykjavík með tilliti til rannsóknar á kannabis, sbr. bréf dagsett 16.12.1975. Sýnið var brúnn köggull, 0,57 g að þyngd.

Við smásjárskoðun mátti greina kirtilhár, sem einkennandi eru fyrir Cannabis sativa. Litarpróf fyrir kannabínólum var jákvætt og við gasgreiningu á súlu mátti greina tetrahýdró-kannabínól.

Sýnið er því samkvæmt framansögðu kannabis.

Sýnið var allt notað við rannsóknir þessar.

F.h. Rannsóknastofu í lyfjafræði.

Þorkell Jóhannesson.

Til
Sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

RANNSÓKNASTOFA
Í LYFJAFRÆÐI
PÓSTHÓLF 884,
REYKJAVÍK

86

313 76 Arnar Jensen

Nº 01713

101

REIKNINGUR

NAFN Dómstóll í ávana- og fíkniefnum,

HEIMILI Hverfisgötu 113,

BEÐIÐ UM RANNSÓKN AF Lögreglustjóranum í Rvík DAGSETN. BEIÐNI 16.12.'75 DAGSETN. REIKN. 19.12.1

RANNSÓKNAREFNI Sýni nr.129a

AN: Kannabisákvörðun KR. 3.600.00

MATSGERÐ 3.600.00

3.400.00

SAMTALS KR. 7.000.00

UPPHÆÐ ÞESSI ÓSKAST GREIDD RANNSÓKNASTOFU Í LYFJAFRÆÐI, PÓSTHÓLF 884, REYKJAVÍK, INNAN 15 DAGA.

11721000-4

RANNSÓKNASTOFA Í LYFJAFRÆÐI - DEPARTMENT OF PHARMACOLOGY
HÁSKÓLI ÍSLANDS UNIVERSITY OF ICELAND

P.O. BOX 884
REYKJAVÍK, ICELAND

37

31/3 76 [signature]

Reykjavík, 22.1.1976.

**102**

Ávana- og fíkilyf og efni - Matsgerð nr.218:

Rannsóknastofunni hefur borist til rannsóknar sýni merkt 129b, sbr. bréf lögreglustjórans í Reykjavík, dagsett 16.12.1975. Sýnið var talið vera samanþjappað te. Við rannsóknir á sýninu var tekið til samanburðar te, sem notað er á rannsóknastofunni.

Við smásjárskoðun mátti greina blaðahluta, sem greinilega minntu um te. Við tæmandi leit að basískum, hlutlausum og súrum efnum kom ekkert fram, er gæfi tilefni til þess að ætla annað en sýnið væri hreint te. Sýnið virtist vera svokallað "brick tea" eða "múrsteinste" og var 1,5 - 2% koffein í sýninu auk annarra xantínafbrigða, sem venjulega eru í tei.

Samkvæmt framansögðu var sýnið te og eigi var unnt að finna í því nein þekkt ávana- eða fíknilyf og efni.

F.h. Rannsóknastofu í lyfjafræði

Þorkell Jóhannesson

Til
Sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum,
Hverfisgötu 115,
Reykjavík.

88.

Dskj. ... í ...

71 J 76. [signature] 01773

RANNSÓKNASTOFA
Í LYFJAFRÆÐI
PÓSTHÓLF 884,
REYKJAVÍK

# REIKNINGUR

NAFN Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum,

HEIMILI Hverfisgötu 115,Reykjavík.

BEÐIÐ UM RANNSÓKN AF Lögreglustj. í Rvík., DAGSETN. BEIÐNI 16.12.1975. DAGSETN. REIKN. 22.1.1976.

RANNSÓKNAREFNI Sýni merkt 129b

| | | |
|---|---|---|
| AN: Rannsóknir á te | KR. | 20.000.00 |

GREIÐIST AF FJÁRVEITINGU 1976
016 84 01
/ 23.400
MÁLSKOSTNAÐUR

| | | |
|---|---|---|
| MATSGERÐ DÓMSTÓLL Í ÁVANA- OG FÍKNIEFNAMÁLUM | | 20.000.00 |
| send [signature] | | |
| | | 3.400.00 |
| | SAMTALS KR. | 23.400.00 |

UPPHÆÐ ÞESSI ÓSKAST GREIDD RANNSÓKNASTOFU Í LYFJAFRÆÐI, PÓSTHÓLF 884, REYKJAVÍK, INNAN 15 DAGA.

11721000-4

39

31 3 76

**LANDSBANKI ÍSLANDS** SAMRIT

ÁVÍSANAREIKNINGUR **104**

VEGAMOTAUTIBU NR. 3155

HR. ASGEIR E. ÞORDARSON
KIRKJUTORG 6
RVIK

YFIRLIT DAGS. 30.09.75
BLS. 1
SÍÐAST ÚTSKR. 00.00.00

| FÆRSLU-DAGUR | DAGS. VAL. | TEXTI ÁV. NR. | INNLAGT ÚTTEKIÐ | INNSTÆÐA |
|---|---|---|---|---|
| 00.00 | | | | 0,00 |
| 10.09 | | INNB | 20.000,00 | 20.000,00 |
| 16.09 | | 157701 | 2.000,00- | 18.000,00 |
| 16.09 | | 157704 | 1.400,00- | 16.600,00 |
| 17.09 | | INNB | 20.000,00 | 36.600,00 |
| 19.09 | | 157707 | 701,00- | 35.899,00 |
| 19.09 | | 157715 | 400,00- | 35.499,00 |
| 19.09 | | 157709 | 920,00- | 34.579,00 |
| 22.09 | | 157706 | 717,00- | 33.862,00 |
| 22.09 | | 157703 | 2.000,00- | 31.862,00 |
| 22.09 | | 157702 | 1.000,00- | 30.862,00 |
| 22.09 | | 157717 | 320,00- | 30.542,00 |
| 22.09 | | 157718 | 2.000,00- | 28.542,00 |
| 22.09 | | 157705 | 2.552,00- | 25.990,00 |
| 23.09 | | INNB | 10.000,00 | 35.990,00 |
| 23.09 | | 157723 | 8.000,00- | 27.990,00 |
| 23.09 | | 157712 | 330,00- | 27.660,00 |
| 23.09 | | 157716 | 1.805,00- | 25.855,00 |
| 23.09 | | 157714 | 1.000,00- | 24.855,00 |
| 24.09 | | INNB | 4.000,00 | 28.855,00 |
| 24.09 | | INNB | 20.000,00 | 48.855,00 |
| 24.09 | | 164626 | 20.000,00- | 28.855,00 |
| 24.09 | | 157711 | 630,00- | 28.225,00 |
| 25.09 | | INNB | 8.000,00 | 36.225,00 |
| 25.09 | | 157724 | 500,00- | 35.725,00 |
| 25.09 | | 157725 | 24.000,00- | 11.725,00 |
| 25.09 | | 157722 | 2.250,00- | 9.475,00 |
| 26.09 | | 157719 | 1.000,00- | 8.475,00 |
| 26.09 | | 164628 | 1.500,00- | 6.975,00 |

39

31 3 76 [illegible]

# LANDSBANKI ÍSLANDS

## ÁVÍSANAREIKNINGUR

SAMRIT **105**

VEGAMOTAUTIBU

NR. 3155

HR. ASGEIR E. ÞORDARSON
KIRKJUTORG 6
RVIK

YFIRLIT DAGS. 30.09.75
BLS. 2
SÍÐAST ÚTSKR. 00.00.00

| FÆRSLU-DAGUR | DAGS. VAL. | TEXTI ÁV. NR. | INNLAGT ÚTTEKIÐ | INNSTÆÐA |
|---|---|---|---|---|
| 29.09 | | 164629 | 1.400,00- | 5.575,00 |
| 29.09 | | 164634 | 1.000,00- | 4.575,00 |
| 29.09 | | 164630 | 1.000,00- | 3.575,00 |
| 29.09 | | 164631 | 1.000,00- | 2.575,00 |
| 29.09 | | 164632 | 1.390,00- | 1.185,00 |
| 29.09 | | 164635 | 700,00- | 485,00 |
| 30.09 | | INNB | 19.000,00 | 19.485,00 |
| 30.09 | | 164636 | 795,00- | 18.690,00 |

399

31/3 76

**106** SAMRIT

# LANDSBANKI ÍSLANDS

REIKNINGSYFIRLIT

0127-25 VEGAMOTAUTIBU

AVISANAREIKNINGUR 8155

ASGEIR E. ÞORÐARSON
KIRKJUTORG 6
RVIK

YFIRLIT DAGS. 31.10.75

BLAÐ NR. 1

| FÆRSLU-DAGUR | VAXTA-DAGUR | TÉKKNR. TEXTI | ÚT | INN | STAÐA |
|---|---|---|---|---|---|
| 30.09 | | | | | 18.690 |
| 01.10 | | INNB. | | 20.000 | 38.690 |
| 02.10 | | 0164639 | 500 | | 38.190 |
| 02.10 | | 0164638 | 500 | | 37.690 |
| 03.10 | | 0164641 | 15.000 | | 22.690 |
| 03.10 | | 0164637 | 500 | | 22.190 |
| 06.10 | | 0164627 | 500 | | 21.690 |
| 06.10 | | 0164645 | 1.000 | | 20.690 |
| 06.10 | | 0164646 | 1.000 | | 19.690 |
| 06.10 | | 0164643 | 3.000 | | 16.690 |
| 10.10 | | 0164647 | 1.000 | | 15.690 |
| 13.10 | | 0172828 | 1.000 | | 14.690 |
| 13.10 | | 0172830 | 1.000 | | 13.690 |
| 14.10 | | 0172827 | 1.000 | | 12.690 |
| 14.10 | | 0172831 | 500 | | 12.190 |
| 14.10 | | 0172832 | 1.100 | | 11.090 |
| 14.10 | | 0172835 | 200 | | 10.890 |
| 14.10 | | 0172836 | 500 | | 10.390 |
| 14.10 | | 0172838 | 1.000 | | 9.390 |
| 14.10 | | 0172850 | 500 | | 8.890 |
| 15.10 | | 0172837 | 1.000 | | 7.890 |
| 15.10 | | 0172839 | 550 | | 7.340 |
| 16.10 | | 0157710 | 3.000 | | 4.340 |
| 17.10 | | 0172833 | 560 | | 3.780 |
| 17.10 | | 0172844 | 500 | | 3.280 |
| 17.10 | | 0172845 | 1.000 | | 2.280 |
| 17.10 | | 0172846 | 1.500 | | 780 |
| 22.10 | | 0172849 | 1.000 | | 220- |
| 27.10 | 24.10 | 0172848 | 1.000 | | 1.220- |
| 29.10 | | 0172842 | 1.000 | | 2.220- |

RB-1021-975-100.000 LÍ 103-00-0900

Athugasemdir óskast gerðar innan 20 daga frá viðtöku yfirlitsins, annars telst reikningurinn réttur.

39

[stamp, partly illegible:] ... í ...dómi ... ...um
31/3 '76 [signature]

107 SAMRIT

# LANDSBANKI ÍSLANDS

REIKNINGSYFIRLIT

0127-25 VEGAMÓTAÚTIBÚ

AVÍSANAREIKNINGUR 8155

ÁSGEIR E. ÞÓRÐARSON
KIRKJUTORG 6
RVÍK

YFIRLIT DAGS. 28.11.75

BLAÐ NR. 2

| FÆRSLU-DAGUR | VAXTA-DAGUR | TÉKKNR. TEXTI | ÚT | INN | STAÐA |
|---|---|---|---|---|---|
| 31.10 | | | | | 2.220- |
| 04.11 | | 0172847 | 350 | | 2.570- |
| 07.11 | | INNB. | | 5.000 | 2.430 |
| 10.11 | | 0172840 | 1.200 | | 1.230 |
| 10.11 | | 0172841 | 1.200 | | 30 |
| 12.11 | | INNB. | | 199.000 | 199.030 |
| 13.11 | | 0191101 | x13.000 | | 186.030 |
| 14.11 | | 0191104 | 4.000 | | 182.030 |
| 14.11 | | 0191109 | x38.372 | | 143.658 |
| 17.11 | | 0191102 | 2.000 | | 141.658 |
| 17.11 | | 0191105 | 1.000 | | 140.658 |
| 17.11 | | 0191106 | 120 | | 140.538 |
| 18.11 | | 0191107 | x33.260 | | 107.278 |
| 18.11 | | 0191108 | x30.760 | | 76.518 |
| 19.11 | | 0191110 | 1.500 | | 75.018 |
| 19.11 | | 0191111 | 500 | | 74.518 |
| 19.11 | | 0191112 | 500 | | 74.018 |
| 19.11 | | 0191113 | x71.500 | | 2.518 |
| 19.11 | | 0191119 | 380 | | 2.138 |
| 19.11 | | INNB. | | 1.000 | 3.138 |
| 20.11 | | 0191115 | 300 | | 2.838 |
| 20.11 | | 0191116 | 200 | | 2.638 |
| 21.11 | | 0191114 | * 1.200 | | 1.438 |
| 21.11 | | 0191121 | 300 | | 1.138 |
| 24.11 | | 0191122 | 200 | | 938 |
| 26.11 | | 0191117 | 500 | | 438 |
| 26.11 | | 0191118 | 350 | | 88 |
| 27.11 | | 0191120 | 350 | | 262- |
| 28.11 | | INNB. | | 8.000 | 7.738 |

Athugasemdir óskast gerðar innan 20 daga frá viðtöku yfirlitsins, annars telst reikningurinn réttur.